

Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. Fornleifar í Hrísey

Orri Vésteinsson

**Fornleifastofnun Íslands
FS071-9061
Reykjavík 1999**



Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@mmedia.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Um fornleifaskráningu	6
3. Fyrri fornleifarannsóknir	9
4. Byggðasaga	9
5. Fornleifaskrá	15
6. Fornleifar og byggð í Hrísey	40
7. Verndun og kynning á fornleifum í Hrísey	46
8. Niðurlag	47
9. Heimildaskrá	48

Skrá yfir kort

1. Minjakort fyrir Hrísey	17
---------------------------	----

1. kafli Inngangur

Fornleifaskráning hófst í Hrísey veturinn 1995-1996 er gerð var svæðisskráning fornleifa í Eyjafirði. Þá var safnað heimildum um fornminjar í héraðinu á vegum Héraðsnefndar Eyjafjarðar og voru þá skráðir 29 staðir í eygni.

Í Hrísey hafa á seinni öldum verið tvær jarðir og voru þær báðar skráðar sumarið 1998. Skráningin var gerð dagana 28.-29. júlí og 1. september og voru alls skráðir 45 staðir. Skráðar voru allar búskaparminjar sem heimildir fengust um en ekki voru skráðar minjar um elstu sögu þorpsins sem þó væri full ástæða til.

Efnisskipan í þessari skýrslu er hin sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.¹ Á eftir inngangi er yfirlit um löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar (2. kafli). Eru þessar samantektir jafnan birtar með fornleifaskrárm í því skyni að sveitarstjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningarinnar og haft til hliðsjónar við aðrar framkvæmdir, s.s. skipulagsmál, minjavernd og ferðapjónustu. Þá er greint frá fyrri fornleifarannsóknnum á skráningarsvæðinu (3. kafli) og byggðasögu sveitarinnar (4. kafli). Í þeim kafla er fjallað um heimildir um landnám og elstu byggð á skráningarsvæðinu og fjallað um þróun byggðar á seinni öldum, byggt á ritheimildum jafnt sem niðurstöðum fornleifaskráningar. Síðan er birt skrá yfir fornleifastaði sem kannaðir voru 1998 (5. kafli). Í skráningarkerfi FSÍ eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum. Er miðað við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Hver jörð fær sérstakan kafla þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Hverri jörð fylgir síðan skrá með ítarlegri umfjöllun um hvern minjastað með teikningum þar sem við á. Með hverri jörð fylgir einnig minjakort sem sýnir minjastaði, örnefni og aðrar upplýsingar sem tengjast fornleifum og horfnum búskaparháttum. Í 6 kafla eru dregin saman megineinkenni byggðar og fornleifa á skráningarsvæðinu og í 7 kafla eru settar fram tillögur um verndun og kynningu einstakra staða og fjallað um nauðsynlegar aðgerðir í þá átt.

¹ Sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I-*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994-.

Fornleifaskráning í Hrísey var gerð fyrir sveitarstjórn Hríseyjar af Fornleifastofnun Íslands í samvinnu við Minjasafnið á Akureyri. Orri Vésteinsson gerði skráninguna og er höfundur skýrslu þessarar. Þorsteinn Þorsteinsson á Akureyri veitti leiðsögn um minjastaði á eyjunni og eru honum færðar kærar þakkir fyrir ánægjulega og fróðlega samfylgd. Úlla Knudsen í Ystabæ og sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir veittu margvíslegar upplýsingar og aðstoð og fá þær einnig góðar þakkir.

2. kafli. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á

skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í Þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...” Samkvæmt lögunum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförunum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Lögbundin skilgreining á fornleifum

Hér verður greint frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga eru þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir,

sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar.

3. kafli Fyrri fornleifakönnun

Ekki er vitað um að neinar fornleifaathuganir hafi verið gerðar í Hrísey fyrr en sumarið 1998. Bein sem komu í ljós við jarðrask í kirkjugarðinum við Syðstabæ voru send á Þjóðminjasafn 1993 en ekki var gerð nein vettvangsathugun þá.


4. kafli Byggðasaga

Í Landnámabók er getið óbeint um landnám í Hrísey því Ingjaldr sonur Helga magra er þar sagður hafa átt Salgerði dóttur Steinólfs hins lága úr Hrísey, sonar Ölvis barnakarls.² Einnig kemur þar fyrir yngri maður að nafni Hríseyjar-Narfi og var hann sonur Þrándar Narfasonar Þormóðssonar ramma landnámsmanns í Siglufirði. Hríseyjar-Narfi átti Úlfeiði dóttur Ingjalds Helgasonar magra og hefur eyjan verið ættleifð hennar. Synir þeirra, Ingjaldr og Klængur, bjuggu í Hrísey eftir þau og segir frá deilum og vígi Klængs í Víga-Glúms sögu.³ Hrísey kemur einnig við sögu í Reykdæla sögu og Víga-Skútu en þar segir ekki frá bændum þar heldur því er Vémundur kögur elti Stein Þorbjarnarson úr Árskógi út í eyna en Steinn hafði farið

² ÍF I, 253.

³ ÍF I, 246; ÍF IX, 96-96.

þangað til að hlaða vegg á nausti sínu. Getið er um bæinn í Hrísey og síðan sagt frá bardaga þeirra Vémundar og Steins í naustinu.⁴ Af þessari heimild má ráða að fyrir



Þekktir búendur í Hrísey á miðöldum.

utan búskap hafa verið stundaðir róðrar frá Hrísey þegar á 13. öld og hafa bændur á meginlandinu haft þar skipsuppsátur og sennilega aðra aðstöðu til útgerðar. Næst er getið um Hrísey í heimildum 14. júlí 1202 en þann dag sté Guðmundur Arason, þá biskupsefni á leið til vígslu í Noregi, á land í Hrísey og sagði þar messu.⁵ Þó ekki sé það tekið fram beint í frásögn þessari má af henni ráða að þá hafi verið komin kirkja í Hrísey. Hríseyjar-Böðvar Hallsson hét maður er var uppi um miðja 13. öld. Um hann er ekkert annað vitað en nafnið og að systir hans var gift Sigurði Þorsteinssyni í Hvammi í Vatnsdal.⁶ Þær mægðir benda til að Böðvar hafi verið í betri bændu tölu.

Þessar heimildir segja næsta lítið annað en það sem ætla má, að byggð hafi snemma hafist í Hrísey og að þar hafi ekki búið eintómir kotungar auk þess sem mikilvægi útgerðar í eyinni kemur skýrt fram. Þó að ekki komi fram í heimildunum að tveir eða fleiri bæir hafi verið í Hrísey þá eru þær ekki þess eðlis að hægt sé að túlka þær þannig að þar hafi til að byrja með verið aðeins einn bær. Hugsanlega hefur fyrstu aldirnar verið eitt aðalbýli í Hrísey og önnur býli verið hjáleigur þaðan, en ekkert verður þó fullyrt um það. 1318 eru greinilega þrjú býli í Hrísey því það ár er Munkaþverárklaustur talið eiga þar bæði Ystabæ og Miðbæ.⁷ Nöfnin benda sterklega til að aðeins hafi verið eitt býli í viðbót, Syðstibær, en þess er þó ekki getið með nafni

⁴ ÍF X, 188-189.

⁵ Sturl, 208. Guðmundur góði kom aftur til Hríseyjar 1232 - Sturl, 323.

⁶ ÍF XVII, 562.

fyrir en 1461. Nöfnin benda ennfremur ekki til þess að einn bærinn hafi verið öðrum betri. Ljóst er af máldaga Munkaþverár að Miðbær hefur verið í byggð í byrjun 14. aldar og sennilega hefur jörðin einnig verið byggð 1461 en frá því ári hefur varðveist annar máldagi klaustursins.⁸ Í þriðja máldaga klaustursins, frá 1525, er Ystibær hinsvegar talinn einn og sér en síðar í sama skjali er getið um Miðbæ meðal ítaka Munkaþverár og má af því ráða að jörðin hafi þá verið farin í eyði en ennþá verið álitin sérstök eign.⁹ Ekki er getið um Miðbæ eftir þetta fyrir en í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712. Af jarðabókinni er ljóst að Miðbær hafði þá verið í eyði lengur en elstu menn gátu munað og var þá talið að jörðin hefði “eyðilagst í stóru plágunni Anno 1400.”¹⁰ Að ofansögðu er ljóst að hafi Miðbær farið í eyði í plágunni 1402-4 þá hefur hún byggst aftur, en ekki er óhugsandi að hún hafi farið endanlega í eyði í seinni plágunni 1493 þó eins líklegt sé að til þess hafi legið allt aðrar ástæður.

Í máldaga Munkaþverárklausturs frá 1446 er sagt að klaustrið eigi hálfa Hrísey,¹¹ og bendir það til að Ystibær og Miðbær hafi hvor um sig verið minni jarðir en Syðstibær en eftir að Miðbær lagðist í eyði og land hennar var sameinað Ystabæ voru aðaljarðirnar tvær í Hrísey álíka stórar og var hvor um sig metin á 20 hundruð 1686¹² og sennilega einnig 1675 en þá var eyjan metin á 40 hundruð.¹³ Það ár gaf konungur Hinrik Bjelke aðmírál og hirðstjóra á Íslandi Hrísey ásamt fjölda annara jarðeigna á Íslandi. Konungur hafði eignast Ystabæ og Miðbæ eins og aðrar jarðir Munkaþverárklausturs eftir siðaskiptin en ekki er þess getið í prentuðum heimildum hvernig eða hvenær krúnan komst yfir Syðstabæ, en ekki er annað vitað en að sú jörð hafi verið bændaeign allar miðaldir og þessvegna fram á 17. öld. Af almennum líkum má þó ráða að konungsvaldið gæti hafa seilst til jarðarinnar mun fyrir. Árið 1424 rændu Englendingar í Hrísey og brenndu kirkjuna þar. Í skýrslu um þessa atburði segir að þeir hafi lagt alla eyjuna í eyði, en líklegt má telja að það hafi verið ýkjur.¹⁴ Höfundur skýrslunnar var Hannis Pálsson hirðstjóri, danskur maður, sem átti í miklum útistöðum við Englendinga hér á landi og reyndi að hindra umsvif þeirra í hvívetna. Hinir ensku kaup- og fiskimenn tóku hann raunar til fanga og fóru með

⁷ DI II, 486.

⁸ DI V, 304.

⁹ DI IX, 309.

¹⁰ JÁM X, 98.

¹¹ DI IV, 698.

¹² Björn Lárusson: *The Old Icelandic land Registers*, 272.

¹³ AÍ VII, 445.

hann til Englands þar sem hann samdi skýrsluna og sést af henni að reiðin hefur kraumað í hinum niðurlægða embættismanni. Bent hefur verið á að afstaða Íslendinga til enskra kaupmanna, sem fylgdu fiskiflotanum sem fyrst er getið um hér við land 1412, hafi verið allt önnur og mun jákvæðari. Hannis fær heldur ekki hlýjar kveðjur frá Íslendingum: “hörmuðu það fái” segir höfundur Nýja annáls um það er Englendingar höfðu hann með sér til Englands.¹⁵ Um þetta er getið hér því þessir atburðir gefa tilefni til vangaveltna um hversvegna hinir ensku fóru með óspektum um Hrísey og brenndu þar kirkjuna. Engin vissa getur fengist um það en freistandi er að stinga upp á þeim möguleika að í Hrísey, þ.e. Syðstabæ, hafi verið stunduð verslun á vegum konungs á 15. öld, og jafnvel að hann hafi þá þegar átt jörðina. Það gæti gert skiljanlegra að Englendingar hafi kosið að fara þar um ránshendi. Á sama hátt mætti skýra ofbeldi þeirra í Húsavík sama ár en þar hefur konungur skipað upp brennisteini þeim er hann hafði einkarétt til að kaupa á landinu.

Ekki er getið um verslun í Hrísey fyrr en á 17. öld. Á alþingi 1661 var gerð fyrispurn um höndlan Jónasar Trelunds og hans fólks í Hrísey og fengust þau svör að hann höndlaði með leyfi konungs með einhverjum ótilgreindum takmörkunum sem áttu að tryggja að verslun hans væri “hvorki landinu né landsmönnum ... til skaða.”¹⁶ Fleiri en Jónas þessi hafa haft verslun í Hrísey á þessum árum því 1670 var Þorvaldur nokkur Gunnlaugsson í Hrísey kærður fyrir að hafa tekið góss er Markús Jóhannsson Mumm hefði í Hríseyjarbúðum eftir sig látið.¹⁷ Af þessu verður ekki annað ráðið en að Markús Mumm hafi haft verslun í Hrísey og skilið þar eftir vöru um veturinn sem einn eyjarskeggja hefur freistast til að fá lánaða. Það voru íslenskir umboðsmenn Mumm kaupmanns sem kærðu en Hríseyingurinn var aðeins dæmdur til að greiða kaupmanninum aftur það sem tekið hafði verið. Hrísey var aldrei regluleg kauphöfn á einokunartímanum (1602-1787) enda hlutfallslega stutt þaðan til Akureyrar. Umsvif hinna dönsku manna í Hrísey á seinni hluta 17. aldar gætu tengst versluninni á Akureyri, t.d. þannig að Akureyrarkaupmenn hafi haft einhverskonar útibú eða aðstöðu í Hrísey. Til dæmis má nefna að 1787 var búið að reisa 20 álna langt fiskverkunarhús í Hrísey sem heyrði undir Akureyrarverslun.¹⁸ Einnig má vera að Akureyrarkaupmenn hafi haft ítök í Hrísey til að sporna gegn verslun við útlendinga

¹⁴ DI IV, 328.

¹⁵ IA, 294.

¹⁶ AÍ VI, 656.

¹⁷ AÍ VII, 184-85.

¹⁸ Jón Aðils: *Einokunarverslun Dana á Íslandi*, 302-303.

en í skýrslu frá 1722 er Hrísey nefnd meðal þeirra staða á Íslandi þar sem útlenskir duggarar héldu sig mest.¹⁹

Af almennum líkum og þeim litlu vísbendingum sem hafa má úr heimildum má ráða að fyrir utan landbúnað og sjóróðra eyjarskeggja hafi allt frá miðöldum verið töluvert um útgerð og viðskipti aðkomumanna í eyinni. Árskógsbóndi hefur átt þar naust á 13. öld og nafnið Krossatóftir, nyrst í Hrísey, er skýrt þannig að þar hafi bændur á Krossum á Árskógsströnd haft aðstöðu til útgerðar. Hríseyjarbúðir þær sem Mumm kaupmaður geymdi vöru sína í hafa sennilega verið syðst á eyinni og þar væri helst að leita minja um útgerð og verslun á fyrri öldum. Útgerð aðkomumanna var ekki svo mikil á seinni öldum að hægt sé að tala um verstöð í Hrísey. 1712 höfðu verið fjórar verbúðir í landi Syðstabæjar og hafði bóndinn þar leigt þær út til sjómanna.²⁰ Verbúðir eru einnig skammt sunnan við bæjarstæði Hvatastaða austan á eyinni og hefur þar fundist krítarpípubrot sem bendir til að þaðan hafi verið róið á 18. öld og/eða byrjun 19. aldar. Útgerð jókst síðan mjög í Hrísey á 19. öld og í kjölfar hennar kom regluleg verslun í eyna. Verður sú saga ekki rakin hér enda heyrir hún til mótunarsögu þorpsins í Hrísey.

Áður er þess getið að kirkja hafi verið komin í Hrísey er Guðmundur góði sté þar í land og sagði messu sumarið 1202. Það hefur sennilega verið kirkjan í Syðstabæ og það hefur sömuleiðis verið hún sem Englendingar brenndu 1424. Slitur af máldaga Hríseyjarkirkju er til frá 1318 og eru þar taldir þeir gripir sem kirkjan átti.²¹ Kirkjan hefur ekki verið auðug en þó sæmilega gripum búin. Kirkju í Syðstabæ er þó ekki getið með berum orðum fyrr en 1461 en þá eru hún og bænhús í Ystabæ talin meðal minniháttar guðshúsa í Árskógsþingum.²² Kirkjan í Syðstabæ var alkirkja, sem þýðir að þar hefur verið sungin messa á hverjum sunnudegi og öllum helgum dögum, en af skránni má ráða að þar hafi ekki verið prestur heldur hafi kirkjunni verið þjónað af prestinum í Stærri-Árskógi. Í annari skrá sem talin er frá sama ári er þó talinn prestur í Hrísey²³ en hinsvegar ekki í sambærilegri skrá frá 1429.²⁴ Þar gæti þó valdið hadvömm því að í niðurlagi skrárinnar eru sóknarkirkjur í Hólabiskupsdæmi taldar 108 með Grímsey, Flatey og Hrísey. Ekki er alltaf mikið leggjandi upp úr nákvæmni eða samkvæmni skriffinna á miðöldum og má því ekki gera mikið úr þessum

¹⁹ Sama heimild, 610.

²⁰ JÁM X, 99.

²¹ DI II, 458.

²² DI V, 356.

²³ DI V, 360.

heimildum. Líklegast er að Syðstabæjarkirkja hafi verið meðal þeirra sóknarkirkna sem voru með sveigjanlega prestskyld, en til voru kirkjur þar sem ekki var skylt að hafa prest en kirkjubóndinn gat ráðið sér einn slíkan ef hann vildi og hafði efni á. Annars var kirkjum af þessu tagi þjónað af presti frá næstu sóknarkirkju og varð að bæta henni skaðann ef sérstakur prestur var ráðinn til útkirkjunnar. Kirkjan í Syðstabæ var enn í notkun 1712 en var lögð niður með konungsbréfi 17. maí 1765.²⁵ Krikjan í Syðstabæ er vitnisburður um að þar hafi lengstaf verið meiri umsvif en sem svaraði búskap á tveimur meðaljörðum. Henni hefur verið haldið við því að fjöldi aðkomumanna hefur verið nægur og stöðugur til að standa undir slíkum rekstri. Um bænhús í Ystabæ er aðeins getið einu sinni, í skránni frá 1461, og er ekki er vitað hvar það hefur verið.

Áður hefur þess verið getið að konungur gaf Hinrik Bjelke aðmírál Hrísey alla 1675 en eftir það aukast mjög heimildir um eignarhald og byggð í eyinni. Bjelke seldi Hrísey strax aftur sr. Sæmundi Oddssyni²⁶ en 1681 seldi Sr. Sæmundur Hrísey. sr. Skúla Þorlákssyni, syni Þorláks Skúlasonar biskups.²⁷ Sr. Skúli dó í stórubólu 1703 og erfði þá systir hans, Jórunn Þorlákadóttir, eyina og átti hún hana enn 1712.²⁸ Jórunn var eiginkona Brynjólfs Þórðarsonar sýslumanns á Hlíðarenda, sem var mesti eignamaður á Íslandi í byrjun 18. aldar. Hrísey hélst lengi í þeirri fjölskyldu og það var ekki fyrr en 1779 að sonur þeirra Jórunnar og Brynjólfs, Þórður Thorlacius, seldi eyinna til Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara.²⁹ Á 19. öld komust fleiri eigendur að Hrísey og fylgdi Miðbæjarland fyrst í stað Syðstabæ en var á 20. öld keypt af eiganda Ystabæjar og liggurnú undir þá jörð. Athyglisvert er að merki milli jarðanna þriggja fylgja enn miklu görðum sem liggja þvert yfir eyina og eru þeir vafalaust mun eldri en það er Hrísey komst öll á hendur konungs.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 eru talin auk Miðbæjar, eyðibýlin Hvatastaðir og Saltnes í landi Syðstabæjar og hafði hvorugt verið byggt í manna minnum. Eins og í Miðbæ eru enn tóftaleifar á þessum stöðum sem sýna að þar hefur verið búið en ekki er ljóst hvenær það hefur verið. Örnefnið Saltnes bendir til saltvinnslu og er jarðhiti í fjöruborðinu framan við bæjarstæðið þar, sem hægt hefur verið að nýta til að vinna salt úr sjó. Athyglisvert er að 1318 var leigugjald af Miðbæ

²⁴ DI IV, 381.

²⁵ PP, 272.

²⁶ JÁM XIII, 501.

²⁷ Jarðabréf, 51.

²⁸ JÁM X, 97-98.

og Ystabæ 5 vættir salts auk 30 vætta skreiðar. Saltnes er í landi Syðstabæjar og erfitt að ímynda sér að landamerki hafi legið svo á annan hátt á 14. öld að Saltnes hafi þá tilheyrt Miðbæ eða Ystabæ. Sennilegra hlýtur að teljast að fleiri saltvinnslustaðir hafi verið í eygni og hefur þessi iðnaður því verið allmikilvægur fyrir eyjarskeggja á miðöldum.

Á seinni hluta 19. aldar efldist útgerð frá Hrísey og myndaðist þá þorp í Syðstabæjartúni sem teygði sig vestur til Saltness og austur til Hafnarvíkur. Fyrir utan skammvinna búskapartilraun í Miðbæ hefur hinsvegar ekki verið byggt að ráði annarstaðar í Hrísey og er það ástæða þess að fornleifar eru þar óvenju miklar og vel varðveittar.

5. kafli Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (EY, SP o.s.fr.v.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-051:001). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og fjallað um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða

²⁹ AÍ XV, 641


fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður, nátttröll eða hellir sem hefur t.d. verið notaður sem skjól fyrir fé eða til að geyma hey í). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um “heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta, og 3) mikil hætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Eins og áður segir voru 45 staðir skráðir í Hrísey, þar af 26 í landi Ystabæjar og 19 í landi Syðstabæjar. Aðeins tveir minjastaðir eru í hinni fornu landareign Miðbæjar, en bæjarstæðið þar telst allt einn minjastaður. Þá er einnig ljóst að minjastöðum mun fjölga mjög í landi Syðstabæjar ef fornleifar sem tengjast myndun þorpsins verða skráðar.

Í Hrísey eru mannvirkjaleifar sjáanlegar á 20 minjastöðum en á 15 stöðum sjást leifarnar ekki lengur. Meðal þeirra eru fornleifar sem hafa verið eyðilagðar eða horfið í tímans rás af ýmsum orsökum. Sjaldan er unnt að ákvarða hvort minjastaður hefur verið algjörlega eyðilagður. Margar þessara minja kunna enn að leynast undir grassverði eða nýbyggingum og gætu komið í ljós við framkvæmdir síðar. 5 fornleifar eru ekki mannvirki heldur þjóðsögustaðir og 5 staðir eru náttúruminjar eða þjóðhátastaðir.



Á þeim stöðum þar sem mannvirkjaleifar sjást enn eru þrjár nokkuð greinilegar, þ.e. hleðslur standa enn eða eru vel merkjanlegar, en 17 eru fremur útflattar og ógreinilegar.

Hættumat er aðeins gert þar sem mannvirki eru eða hafa verið eða á 30 stöðum af 45. 12 staðir töldust ekki vera í neinni hættu en 18 töldust í hættu. Langflestir staðir teljast í hættu vegna ábúðar og rasks, þ.e. þeir eru á svæðum þar sem atvinnustarfsemi á sér stað. 3 staðir eru í hættu vegna landbrots, þar á meðal bæjarstæði Hvatastaða og Krossatóftir, en ekki er vitað hversu hratt sjórinn gengur á landið á þessum stöðum. 1 staður er í hættu vegna trjáræktar sem nú færist mjög í aukanna á Hrísey en þar fyrir utan eru komnar miklar lúpínubreiður í landi Ystabæjar sem, ef fram heldur sem horfir, munu færa marga minjastaði á kaf. Enginn staður telst í mikilli hættu í Hrísey. Þó fornleifar hafi þar víða verið skemmdar, t.d. bæjarstæði Syðstabæjar, Miðbæjar og Saltness og verminjar við Syðstabæjarvarir, þá eru engar framkvæmdir fyrirsjáanlegar í eynni sem muni spilla minjum frekar en orðið er.

Í fornleifaskránni hér að neðan er getið um þær minjar sem heimildir eru til um jafnt sem um þá staði sem varðveist hafa til þessa dags. Í skránni eru 11 staðir með tóftum af ýmsum stærðum og gerðum, 5 bæjarstæði, 6 garðlög og ein laug en á 7 stöðum eru örnefni eina vísbendingin um gömul mannvirki og fyrir 8 stöðum eru eingöngu ritheimildir. Í 6. kafla er fjallað nánar um einstaka flokka minja í Hrísey.

Ey-050 Ystibær

20 hdr. 1712. Bændaeign, Munkaþverárklosturjörð til 1675. Einnig Ytribær. Miðbær telst í landareign Ystabæjar. 1318 á Munkaþverárklostur "j hrisey yste bær oc midbær. leiga af. xxx. vætter skreidar. v. vættir salltz." DI II, 486. 1424 voru Englendingar á ferð og "insulam risoy ... desolatam facerant omnio ... jtem ecclesiam risoy cremauerunt." samkvæmt skýrslu Hannisar Pálssonar. DI IV, 328. 1446 á Munkaþverárklostur "Halfa hrisey" - DI IV, 698. 1461 á klaustrið "j hrisey eystri bær oc midbær" - DI V, 304. 1461 er getið um alkirkju í Syðstabæ og bænhus í Ystabæ - DI V, 356. 1525 á Munkaþverárklostur "yzta bæ j hrisey." DI IX, 309 og "midbær j hrisey" er talinn meðal ítaka, sem gæti bent til að jörðin hafi þá verið í eyði. 30.4.1675 afsalar Kristján V til ríkisaðmírals Henrik Bjelke fjölda jarða á Íslandi, þ.á.m. Munkaþverárklosturjörð "Risöe, Lejekvilder fire, Landskyld to Hundrede, Dyrheden fyrgetjuge Hundrede." AÍ VII, 445. 3.4.1681 selur sr. Sæmundur Oddsson sr. Skúla Þorlákssyni Hrísey á Eyjafirði, Syðra- og Ytrabæ, 40 hdr. að dýrleika - Jarðabréf, 51. 10.8.1779 selur Þórður Brynjólfsson Thorlacius Hrísey með 5 kúgildum til Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir 300 rd. AÍ XV, 641. Getið er um vogrek í landi Ystabæjar á alþingi 1724 - AÍ XI, 220 og 1738 - AÍ XII, 434. Sjá

ennfremur um Syðstabæ.

1917: 3.6 ha. 2/3 slétt. Garðar 480 m². 1712: "Túninu spillir sandfok úr einum mel, þó er það ekki þar fyrir eyðilagt. Engjar eru mjög litlar og spretta lítt. Úthagarnir eru mestallir lýngi vaxnir og hrjóstrugir og því haglitlir fyrir stórgripi." JÁM X, 98. 1777: "Fyrrum voru [í Hrísey] 4 bæir, en nú eru tveir þeirra komnir í eyði, og menn telja að ekki sé fært að byggja þá aftur sakir grasleysis, sérstaklega þegar þess er gætt, að þriðji [svo] bærinn er að leggjast í eyði vegna sandfoks, enda þótt eyjan sé víða vaxin allþrosakamiklu lýngi og kjarri. Auk fiskveiðanna hafa eyjarskeggjar nokkuð gagn á vorin af æðarfugli, kríu og teistu, sem verpa þarna, en miklu þó minna að sögn en áður var, sakir áleitni af tóum, sem komast [14] út í eyna á ísum á vetrum og haldast þar við til vors og gjóta þar á vorin. éta þær egginn og fæla fuglin ... Menn létu ekki vel af drykkjarvatninu í eyinni." ÓÓ II, 14-15.

Ey-050: 1 Ystibær bæjarhóll bústaður 66°00.708 N 18°24.043 V
Núverandi íbúðarhús stendur á bæjarhólnum. Þar var byggt timburhús skömmu eftir aldamótin 1900 og stóð það framan (vestan) við torfbæinn en hann stóð áfram að hluta að minnsta kosti og sést á ljósmynd sem tekin er úr norðri um 1945. Eitthvað stóð enn eftir af veggjum bæjarins um 1960 er Sæmundur Stefánsson kom til Ystabæjar og jafnaði hann úr þeim. Þessar hleðslur voru nyrst á bæjarstæðinu.

Íbúðarhúsið brann 1956 en núverandi hús var byggt á grunni þess. Það er timburhús á steiptum sökklí, án kjallara. Austan við núverandi íbúðarhús, þar sem torfbærinn stóð, er nú hlað og bílastæði norðan við, en austan við það er stór garður. Núverandi hús standa nálægt brekkubrúninni og er mjög bratt niður af og vex þar nú hár kerfill.

Hættumat: hætta

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-050: 2 heimild útihús 66°00.667 N 18°24.057 V
Samkvæmt túnakorti stóð lítið útihús um 10 m sunnar og 10 m austar en þáverandi íbúðarhús. Það hefur verið þar sem nú er grasflöt austan við heimreiðina, sunnan við núverandi íbúðarhús sem er á sama grunni og hið eldra, og sjást engin merki um þetta hús.


Slétt grasflöt, áður tún.

Hættumat: hætta

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-050: 3 tóft útihús 66°00.578 N 18°24.114 V
Um 200 m SV af íbúðarhúsinu (001), á stökum hól, voru tvö útihús (003 og 004) og stendur tóft þess austara enn. Um 30 m norðar er niðurgraffinn súrheysturnsgrunnur kominn á kaf í kerfil. Á grasi vöxnum hól.

Af ljósmyndum, sem varðveittar eru á Ystabæ, sést að þetta hús hefur staðið mun lengur en 004 sem var vestar og norðar. Um 1945 er þau bæði standandi en um 1960 er 004 horfið og komið járnþak á hitt. Þekjan liggur nú á botni tóftarinnar, hún er eingöngu úr torfi en járníð hefur verið fjarlægt. Ójöfnur eru í kring um þessa tóft, bæði austan og vestan við hana, sem gætu verið mannvirkjaleifar.



Niðri í lægðinni milli þessa hól og bæjarhólsins er ávöl bunga upp úr deiglendinu sem þar er og gætu þar verið mannvirkjaleifar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-050: 4 heimild útihús 66°00.578 N 18°24.165 V
Samkvæmt túnakorti stóð útihús fast vestan og norðan við 003 og sést það á ljósmynd frá um 1945 en ekkert sér nú til þess og var það horfið er ljósmynd var tekin af ystabæ úr norðri um 1960.

Slétt grasflöt, áður tún en er nú komin í órækt. Mikill og hár gróður er þar sem húsið stóð en völluminn virðist sléttur undir. Húsið snéri norður-suður samkvæmt túnakorti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-050: 5 Lending heimild lending 66°00.697 N 18°24.202 V
1712: "Heimræði er hjer, og er lendingin bæði stórgrýtt og brimsöm, og skipsuppsátrið erfitt, verða því aflabrogðin svipul. Eitt skip gengur hjer nú, sem ábúandinn fleytir." Í örnefnalýsingu segir svo frá: "Lending heitir utar í svonefndri Heimavík eða Húsavík." Heimavík er utan við höfðan sem er utan við Slöguna (sbr. 006), beint niðurundan bænum eða heldur norðar.

Heimavík er breið vík með klettadröngum til beggja enda en á milli er grjóthnullungafjara, allsstaðar nema syðst þar sem eru brotnar hleinar. Eins og nú er háttað virðist skást lending fyrir sunnan miðja vík, rétt norðan við hleinarnar. Þar er hnallungafjaran breiðust (6-8 m) og minnstur bratti. Víkin er alveg opin fyrir norðanátt

Sennilega hefur þetta ekki verið slæm lending en uppsátur er ekkert í víkinni og hefur orðið að draga bátinn upp á bakkann, sem er 10-15 m hár og allsstaðar snarbrattur en þó grasi gróinn. Víkin sem kölluð er Heimavík eða Húsavík í örnefnalýsingu er nú aðeins kölluð Lending. Í næstu vík fyrir norðan (Ytrilendingu eða Stórusandvík, Lendingarbakki heitir syðst í henni) eru aðstæður til lendingar svipaðar en jafnbratt eða brattara að draga báta upp. Tóftirnar 018 eru á milli þessara víka á Lendingarbjargi.

Hættumat:


Heimildir: JÁM X, 98; Ö-Árs, 38-39; Ökort SS.

Ey-050: 6 2 tóftir

66°00.610 N 18°24.313 V

Tóft er á Slögubjargi, höfðanum milli Slögu og Heimavíkur, heldur sunnar en beint niður (vestur) af bænum. Tóftin er yst á höfðanum, sunnan við klettinn þar sem hann er hæstur. Á grösugum höfða, sléttum að ofan en með þverhníptum klettum í sjó fram. Stutt, en mjög bratt, er frá tóft þessari að lendingum í Slöguvogi og Heimavík.

Sunnar er aflöng tóft, grjóthlaðin, með opinn gafl til vesturs, en norðar er ferköntuð tóft með lágum (0,5 m) og mjóum veggjum (innan við 1 m á þykkt) sem




minnir meir á kálgarð en hústóft. Á túnakorti frá 1917 eru sýndir 2 kálgarðir vestan við túnið og gæti þetta verið annar þeirra.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-050 : 7 *Miðbær* bærstæði býli 65°59.801 N 18°23.607 V
1712: Miðbær, fornt eyðiból sunnarlega í þessarar jarðar landi, og eru munnmæli að



sú jörð hafi eyðilagst í stóru plágunni Anno 1400, en byggíngaleifar eru hjer ljósar.

Aftur má hjer byggja, þó heyskapur sje ærið lítill." Miðbæjar er einnig getið í eyðibýlaskrá Olavíusar frá 1777 og er býlið talið byggilegt á ný en þó með endurbótum. "Miðbær er einnig gamalt nafn, en ekki hefur þar verið búið frá því um 1400 og þar til á 20. öld að byggt var þar upp, þó að sá bær sé aftur í eyði lagður. ... Utan Krökuvíkina er Miðbæjarvík og Miðbær þar austur af." segir í örnefnalýsingu.

Miðbær er í slakkanum neðan (vestan) við veginn að Ystabæ, um 400 m norðan við merkjagirðingu Ystabæjar og Syðstabæjar og 40-100 m sunnan við hlið á veginum sem er á gömlum merkjum Ystabæjar og Miðbæjar. Miðbæjarland er tæpir 500 m á breidd og afmarkast af gördum bæði að norðan (013) og sunnan (Ey-051:017). Bæjarstæðið er við norðurmerkin og virðist landið hafa verið sýnu breiðara vestan við bæjarstæðið en austan.

Bæjarstæðið er á móaholti en túnið hefur að mestu verið í lægð norðan og austan við það og er enn vallendisblettur norðan við en að austan hafa verið gerðar tjarnir vegna æðarvarps og hefur mikið raskast af þeim völdum.

Íbúðarhúsið sem reist var í Miðbæ snemma á þessari öld stóð um 150 m sunnar en gamli bæjarhóllinn og sést þar steypdur grunnur en húsið var flutt inn í þorpið og er búið í því enn. Þar 56 m norðan við, og nær hinum fornu tóftum, er fjárhústóft frá þessari búskapartilraun. Veggir standa um 2 m háir og er þekjan ofaní tóftinni. Bæjarhóllinn er um 100 m norðar og er um 30x30 m stór. Hann hefur verið sléttaður að ofan en til stóð að byggja á honum. Einnig var efni tekið úr honum og notað í veg sem lagður var frá aðalveginum og upp á hólinn. Á honum var lagt bílum til að taka við æðardúni. Þegar vegur þessi var gerður kom í ljós öskuhaugsefni en ekki er vitað nákvæmlega hvar en þó talið líklegra að það hafi komið úr hól með tóftarmynd sem var nær veginum en úr bæjarhólnum sjálfum. Á honum sést grjót í grasrótinni og á suðausturhorni sést ein lítil tóft, 5x3 m að innan, snýr A-V með dyr í A og hluti af annarri vestan við hana sem hefur snúið N-S og verið um 5 m löng að innan. Rúmlega 15 m vestan við suðurhluta bæjarhólsins er fjárhústóft, 11x7 m að utan, snýr A-V og hefur haft dyr í vestur og sést garði eftir fjárhústóftinni miðri og heytóft aftan (austan) við. Tæplega 20 m SSA af tóftunum tveimur á suðausturhorni bæjarhólsins er lítil tóft, 6x4 m að utan, sem snýr N-S og hefur haft dyr norðantil á vesturlangvegg. Hún er byggð utan í klöpp að norðanverðu. Túngarður sést vel nálega alla leiðina frá því skammt sunnan við bæjarhólinn að vestan og norður fyrir hann í boga, upp í vallendisbrekkuna og er þar tóft byggð utan í garðinn, 8x4 m að utan á rústahóli og er skarð í garðinn fast austan við hana. Garðurinn hverfur síðan undir veginn og sést ekki austan við hann en þar er mikið rask, uppmoksturshaugar frá tjarnargerðinni sem skemmt hefur suðausturhluta túnsins. Hinsvegar er tóft um 15 m austan við veginn sem sennilega tilheyrir rústasvæðinu í Miðbæ. Hún er tvíhólfa, 12x8 m að utan, snýr A-V og eru dyr úr austara hólfinu til norðurs. Norðan við bæjarhólinn er horn á túngarðinum, austan við lægð þar sem garðurinn er á kafi í hvönn. 43 m NNV við þetta horn er annar garður sem liggur 169 m til NNV og beygir þá til vesturs niður að sjávarbökkum um 153 m og er þetta sennilega framhald af 013, merkjagarði milli Miðbæjar og Ystabæjar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: JÁM X, 98; ÓÓ II, 39; Ö-Árs, 38


Ey-050: 8 Ystabæjarbeitarhús tóft beitarhús 66°00.010 N 18°23.997 V
 "Ystabæjarbeitarhús stóðu utan til við Beitarhúsavík [sem er utan við Miðbæjarvík en innan við Bjargið]." segir í örnefnalýsingu. Á nesinu milli Ytri Krökuvíkur/ Beitarhúsabíkur og Steinstekkjarvíkur er allstór tóftaþyrping, spölkorn norðar en forn merkjagirðing (framhald af 013) milli Ystabæjar og Miðbæjar. Á grösugri klettasnös

og er þverhnípt allsstaðar niður, 7-8 m niður í sjó. Að norðan brýtur af tóftinni.

Grjót sést í hleðslum en tóftin er annars að mestu gróin. Hún skiptist í 5 hólfi og hefur greinilega verið um- eða endurbyggð.

Hættumat: hættu

Heimildir: Ö-Árs, 38



Ey-050: 9

Slögulending heimild lending 66°00.599 N 18°24.364 V
 "Slögulending var í Slöguvogi innst í [aðalvíkinni suðvestur frá Ystabæ] ... Áður [þ.e. fyrir 1934] hafði verið gerð tilraun til að laga þessa lendingu með sprengingum, en hún varð aldrei trygg." segir í örnefnalýsingu. Slaga heitir höfðinn eða nesið beint vestur af Ystabæ (eða heldur sunnar) og var Slöguhattur, klettadrangur, á honum norðanverðum en hann hrundi í Dalvíkurskjálftanum 1935. Lendingin er sunnan undir höfðanum en þar ganga hleinar út í sjó og mynda um 10 m breiðan og 20 m djúpan bás og er um 5 m breið og 3 m djúp malarfjara í botninn.

Þverhnípt grasbrekka er niður í fjöruna, nema að vestan - þar er klettur - og hefur sneiðingur verið skorinn í bakkann til austurs upp í lítinn hvamm þar sem hægt hefur verið að geyma bát í skjóli fyrir stórbrimum. Ekkert rúm er fyrir bát niðri við lendinguna sjálfa. Í sneiðingnum sjást leifar af dráttarteinum og tréstaumar eru enn hér og þar í kring og járnteinar sem reknir hafa verið í hleinarnar og er ekkert af þessu eldra en frá fyrri hluta þessarar aldar.

Hættumat:

Heimildir: Ö-Árs, 38

Ey-050: 10 *Selvíkörn*efni sel 66°01.301 N 18°24.828 V
 "Næst [utan við Gatbrík] er Langavík, en síðan Selvíkurnef og Selvík." segir í örnefnalýsingu. Selvíkurnef er um 300 m sunnan við Krossatóft og samkvæmt örnefnalýsingu er öll víkin þar á milli kölluð Selvík þó hún sé raunar tvískipt og á örnefnakorti Sæmundar Stefánsson er aðeins syðri víkin nefnd Selvík en sú nyrðri Syðri Krossatóftarvík. Samkvæmt því korti eru Selnefin tvö, það syðra sunnan við Selvík en það nyrðra milli hennar og Syðri Krossatóftarvíkur. Upp af syðri víkinni, rétt norðan við (Syðra) Selvíkurnefið er stakur náttúrulegur hóll um 50 m frá sjávarbakkanum. Uppi á honum eru tvær aflangar dældir sem gætu verið tóftaleifar en mjög er það þó óglögt.

Lyngmóar neðan við blásna melhlíð og ofan við sjávarkletta. Talsverður uppblástur virðist hafa verið á þessu svæði og má vera að allar minjar um sel hafi blásið burtu áður en landið fór að gróa á ný.

Vel er hugsanlegt að örnefnið bendi alls ekki á seljabúskap heldur á seli. Einnig er möguleiki að selið hafi verið þar sem Krossatóft er.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Árs, 39

Ey-050: 11 *Krossatóft* 2 tóftir + garður 66°01.467 N 18°25.044 V

"Utan við Selvíkurnef [010] er Ólafsflúð og þar uppi á bakkanum er svonefnd Krossatóft. Lítil sjást þar merki um mannaverk, en þó vottar fyrir tóftaleifum." segir í örnefnalýsingu. Krossatóft er á höfðanum utan við Selvík/Syðri Krossatóftarvík og gengur hann nærri jafnlangt út og (Syðra) Selvíkurnef en á milli er minni höfði (Ytra Selvíkurnef) sem skiptir vikin í tvennt.

Grasmói á kletthöfða og hefur mikið brotið af honum og er hluti rústasvæðisins horfinn. Allgóð lending, en opin fyrir norðanátt, er norðanundir höfðanum sem tóftirnar eru á og hefur ekki verið bratt að draga bát upp þar (t.d. m.v. Ystabæjarlendingar) en ekki hallalaust þó og nokkuð langt.



Vestari hluti rústasvæðisins er horfinn vegna landbrots en nú sést þar bogadreginn garður sem myndað hefur austurhlið í allstóru gerði og eru 23 m frá rofbakkanum og að garðinum þar sem hann gengur lengst í austur. Innan við hann eru tvær tóftir, sú syðri er laus frá á 1,3 m háum rústahól, hún er með tvö hól heldur ógreinileg. Norðar er önnur tvíhólfa tóft, lægri en veggir greinilegri. Á milli er einskonar kví utan í garðinum. Sú skýring er á nafninu að menn frá Krossi á Árskógsströnd hafi haft verbúð á þessum stað til að styttu róðurinn á miðin.

Hættumat: hættu

Heimildir: Ö-Árs, 39

Ey-050: 12 Laugin laug

"Í Laugarkambavík [á austurhlið eyjarinnar] er mikill jarðhiti, en flestar uppsprettur alveg undir sjó. Aðeins ein er upp úr á fjörunni, kölluð Laugin. Þar hafa sjómenn soðið sér egg og hitað á katlinum. Til marks um jarðhitann er það, að frostaveturinn 1917-18, þegar samfrosta hafís þakti Eyjafjörð vikum saman, fraus aldrei saman á tveim stöðum þarna við Laugarkambatöngina." segir í örnefnalýsingu.

Laugin er í sjávarmáli í krikanum sunnan við Laugarkambinn sem er lítið nes sem gengur til norðausturs við norðausturhorn eyjarinnar. Laugin var ekki skoðuð 1998.

Um Laugarkamb er getið í Guðmundar sögu dýra við atburði 1198: "Fóru nú til skips síns [Arnþrúðarsynir o.fl.] sex saman og reru austur um Hrísey þar er kallaður er Laugarkambur, og lögðust þar til svefns á skipinu." Sturl, 157.

Hættumat:

Heimildir: Ö-Árs, 39; Sturl, 157

Ey-050: 13 Garðurinn garðlag landamerki 65°59.900 N 18°23.284 V

"Sunnan við Syðri-Melaenda er Garðurinn, fornt mannaverk á merkjum Ystabæjar og Syðstabæjar. Liggur garður þessi um þvera eyna. ... Merkjagirðing liggur nú þvert yfir eyna nálægt Garðinum." segir í örnefnalýsingu. Tveir garðar liggja þvert yfir Hrísey, annar á fornum merkjum Miðbæjar og Ystabæjar og er það þessi en hinn, sem er sunnar, er á merkjum Miðbæjar og Syðstabæjar, þar sem nú eru merki milli Syðstabæjar og Ystabæjar (Ey-051:017). Nyrðri garðurinn liggur frá austurhlið

Hríseyjar yfir háeyjuna og sker langa garðinn (Ey-051:015), á móts við hliðstólpa við akveginn til Ystabæjar, skammt norðan við bæjarstæði Miðbæjar. Frá langa garðinum nær þessi garður aðeins 200 m til vesturs, hættir um 200 m austan við bílveginn og er óvíst hvort hann hefur nokkur tíma náð lengra eða hvort hann gæti hafa beygt þar. Vestan við akveginn afmarkast Miðbæjarland að því er virðist af túngarði og síðan öðrum garði sem liggur í boga frá túngarðinum og niður að sjó sbr. 007. Sá garður stenst ekki á við þennan heldur er hann talsvert norðar. Að mestu gróið land, holt og lyngmóar.

Austan á eyinni er garður þessi 2,5-3 m á breidd og víðast undir 0,5 m hár. Vestan á er garðurinn víðast hærri, 0,7 m, og mjórri, 1,5-2 m.

Hættumat:hætta

Heimildir: Ö-Árs, 39

Ey-050: 14 garðlag

66°00.187 N 18°23.676 V

"Víðar [en 013] sést fyrir fornum garðhleðslum, án þess að ljóst sé, til hvers þeir hafa verið nýttir." segir í örnefnalýsingu. Rúmlega 100 m norðan við tóftina 015 liggur garður frá veginum og niður að tjörn á sjávarbakkanum. Lyngmói.

Hugsast gætti að þetta garðlag sé suðurhlið á gerði sem 016 sé norðurhliðin af og að austurhliðin hafi lent undir bílveginum því grunsamlegt er að báðir garðarnir hafa sömu stefnu og enda við veginn.

Hættumat:engin hætta

Heimildir: Ö-Árs, 39

Ey-050: 15 *Steinstekkur tóft stekkur


66°00.113 N 18°23.546 V

Um 300 m norðan við hin fornu merki milli Ystabæjar og Miðbæjar, þar sem enn eru hliðstólpar við veginn, er hóll sem vegurinn liggur yfir og norðanundir honum voru tóftir sem vegurinn var lagður yfir og sést aðeins lítill hluti þeirra vestan undir vegarkantinum. Í grösugri lægð milli lyngmóahæða. Malarvegur liggur yfir tóftirnar að austan og vex mikil lúpína og hvönn í kantinum.

Undan veginum sjást þrjú hól og hefur það fremsta verið rétt, því veggir eru mjóir og dyrnar breiðar en hólfið þar innanvið er talsvert dýpra og virðast veggir þess vera stæðilegri. Þóra dóttir Jóns Kristinssonar sem var bóndi í Ystabæ til 1919 benti Úllu Knudsen á þessa tóft og harmaði að hún skyldi hafa farið undir veginn því gaman hefði verið að sitja á henni þegar hún var barn í yfirsetu. Víkin niðurunan þessum stað heitir Steinstekkjárvík og er sennilegt að þetta sé sá stekkur.

Hættumat:engin hætta


Heimildir:



Ey-050: 16 tóft + garður

66°00.397 N 18°23.880 V

Niðurunan norðanverðum Hundhól, sem er hár hóll sem vegurinn til Ystabæjar liggur yfir, og niður hliðina að sunnanverðri Ennistjörn liggur garðlag. Tóft er á garðinum um 30 m neðan (vestan) við Hundhól. Lyngmói.



Tóftin skiptist í tvö hólfi og virðist hún vera yngri en garðurinn. Garðurinn heldur ekki áfram ofan (austan) við veginn og má vera að hann sé norðurhlið í gerði sem 014 er suðurhliðin á og að austurhliðin hafi lent undir bílveginum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:

Ey-050: 17 garðlag túngarður
66°00.699 N 18°24.011 V

80 m austur af íbúðarhúsi í Ystabæ er túngarður um gamla túnið að austanverðu, sem síðan beygir til vesturs fyrir norðurhliðina ofanverða og nær langleiðina á móts við íbúðarhúsið, milli þess og dúnhreinsunarskúrs. Graslendi.

Stór barrtré standa nú sitthvoru megin við garðinn sunnantil en að norðan vex kerfill upp á hann. Syðsti hluti garðsins er á kafi í kerfli og er því ógreinilegt hvernig hann endar, en skammt er að veginum heim

að Ystabæ frá þeim stað sem hann hættir. Norðurhliðin hefur sýnilega verið löguð til en hún myndar takmörk garðsins við húsið og er öll mjög slétt, bæði hliðar hennar og toppur.

Hættumat: hætta


Heimildir:

Ey-050: 18 2 tóftir

66°00.705 N

18°24.369 V

Á höfðanum norðan við Heimavík, norðvestur af Ystabæ og í hvarfi frá honum eru tvær tóftir, önnur fremst á höfðanum norðarlega, hin 20 m norðaustar undir brekkurótum. Á höfða sem er grasi gróinn að ofan, en með þverhniptum klettum í sjó fram. Austur af er brött brekka, grasi gróin að mestu.



Norðurveggurinn í

tóftinni á höfðanum er grjóthlaðinn og gæti hún hafa verið hjallur. Sunnan við hana eru misjöfnur sem sennilega eru eldri tóftir og hafa þar verið a.m.k. tvö hólf til.

Hættumat:engin hætta

Heimildir:

Ey-050: 19 þjóðsaga legstaður 66°01.074 N 18°24.042 V
Að sögn Bjarnar Ólafssonar á Selaklöpp voru 3 dysjar um 30 m SSA við vitann í Hrísey, um 5 m inn í lúpínuskóginn frá bíslóðanum. Þar áttu að vera dysjaðir útlendir árásarmenn. Ekki verða neinar misfellingar greindar á þessum stað en erfitt er að átta sig á aðstæðum vegna kafgróðurs.

Allt svæðið í kringum vitann er nú vaxið þéttum lúpínuskógi en hefur áður verið lyngmói. Þar sem bent er á dysjarnar er grastó, um 2x2 m að stærð. Sögnin er óljós en hefur keim af sögninni um Norðmannadys Ey-051:012. Sr. Hulda Hrönn Helgadóttir hafði þessa sögu eftir Bjarna en Úlla Knudsen þekkti hana einnig eftir honum og vísaði á staðinn.

Hættumat:engin hætta

Heimildir:

Ey-050: 20 frásögn stríðsminjar 66°01.079 N 18°24.005 V
Braggi amerískra hermanna stóð um 30 m ASA við vitann í Hrísey. Þar er nú lægð með njóla og grasi í lúpínuskóginum. Braggin hefur verið á hæsta punkti eyjunnar, þar er nú lúpínuskógur.

Annar braggi var fast austan og sunnan við gatnamótin á Ystabæjarvegi og slóðanum upp að vitanum.

Hættumat:engin hætta

Heimildir:

Ey-050: 21 Stóri-Stekkur örnefni stekkur 66°00.371 N 18°22.803 V
Samkvæmt örnefnakorti Sæmundar Stefánssonar heitir Stóri Stekkur rétt sunnan við Melenda, heldur sunnar en á móts við Grunnasker, 500 m norðan við garðinn 013. Hvergi sér þar nú til tófta. Lyngmói með vallendisgróðri innan um neðst, fast við brúnina á móts við Melenda, en brekkan neðanvið er vaxin lúpínu. Ofar er þýfður mosa- og lyngmói. Allt þetta svæði er í talsverðum halla en þó eru stallar hér og þar, þar stekkur gæti hafa verið.

Hættumat:engin hætta

Heimildir: Örnefnakort Sæmundar Stefánssonar

Ey-050: 22 Miðbæjargerði örnefni 65°59.661 N 18°23.362 V
Samkvæmt örnefnakorti Sæmundar Stefánssonar heitir Miðbæjargerði suðaustan við tún nýbýlsins í Miðbæ, skammt norðvestan við hliðið á bílveginum til Ystabæjar. Þar er stórþýfður vallendisblettur næst veginum á um 15 m bili, þá stórþýfður lyngmói með hundapúfu á smáhæð sem gæti verið tóftaleifar, þá hallar niður til vesturs og er mýrardrag neðst, um 5 m breitt en síðan lyngmóablettur, 40x40 m, fast við suðausturhorn Miðbæjartúns og gæti sá staður einnig komið til greina.

Gerðið gæti hafa verið á þessu svæði en einnig er mögulegt að það hafi horfið er tún var gert á nýbýlinu Miðbæ áfyrrri hluta 20. aldar.

Hættumat:

Heimildir: Örnefnakort Sæmundar Stefánssonar

Ey-050: 23 heimild

bænhús

Bænhús var í Ystabæ á 15. öld, en ekki er vitað hvar það stóð. Sennilega hefur það þó staðið innan túns, skammt frá bænum.

1461: "Jtem j yztabæ bænhus ok er nidri." Hálfkirkna og bænhúsaskrá Ólafs Rögnvaldssonar, DI V, 356.

Hættumat: hættu

Heimildir: DI V, 356

Ey-050: 24 Þjóðsaga

skrímli

"Um 1840 var Gísli nokkur Brandsson, bróðir Jóns bónda Brandssonar á Yztabæ í Hrísey, á gangi niður við sjó í eyinni að hyggja að nótalögnum. Hann sá skrímli mikið ösla úr sjónum upp í fjöru, og var það á stærð við hest, en miklu gildara, einkum fæturnir. Gísli sá, að skrímlið stefndi að honum, og hélt undan, en skrímlið sótti á eftir og dró heldur saman, því að Gísli varð að vaða yfir tvo forvaða undir hendur. Snörl eða hringl heyrðist til skrímliðsins. Gísli hljóp nú eins og fætur toguðu, og var skrímlið komið á túnið, þegar hann gat lokað bænum. Gísli lá um hríð eftir atburð þenna, því að bæði hafði hann orðið mjög óttasleginn og svo hafði hann tekið hlaupin mjög nærri sér."

Eftir handriti Gísla Konráðssonar í AM 276 8vo.

Hættumat:

Heimildir: ÞÓÐ III, 22-23

Ey-050: 25 Þjóðsaga

skrímli

"Fyrir mjög mörgum árum gekk beitarhúsamaður frá Yztabæ í Hrísey eitt kvöld til kinda, sem voru niðri við fjöru, og ætlaði að reka heim til húsa. Hann gekk ofaní fjöru vestan til á eyjunni og sá þar eitthvað kvíkt; hélt hann fyrst, að þetta væru kindur, og gekk þangað, en þegar hann kom nær, sá hann, að þetta var skrímli eitt mikið og ferlegt. Hann tók nú til fótanna og hljóp heimleiðis, en skrímlið elti hann og var furðulega fljótt á fæti. Þegar maðurinn kom heim að fjárhúsunum, vantaði lítið á, að skrímlið hefði náð honum. Maðurinn skaut fyrir húshornið og nam staðar hinum megin við húsið, en skrímlið renndi sér á hurðina og mölbraut hana. Jafnskjótt og skrímlið var komið inn í húsið, hljóp maðurinn heim til bæjar eins og kólfi væri skotið, og komst þangað klaklaust. Næsta dag var gengið til húsanna, og var skrímlið þá horfið, en slóð sást eftir það til sjávar, eins og hlemmum hefði verið slegið niður."

Eftir sögn Óla Björnssonar frá Syðstabæ í Hrísey 1901.

Hættumat:

Heimildir: ÞÓÐ III, 23

Ey-050: 26 Múshóll

Þjóðsaga

draugur

"Milli svonefndra Eyjarhala yst í Hrísey er hóll sá er Múshóll nefnist. Tilefni þeirrar nafngiftar er munnmælasaga, er segir frá gífurlegum músagangi í eyinni. Á þetta að hafa verið á þeim tíma er Þorvaldur Rögnvaldsson kraftaskáld bjó að Sauðanesi á Upsaströnd. Þorvaldur var til þess allfús að losa eyjarskeggja við músapláguna, ef unnt reyndist. Lagði hann eitthvert lostæti fyrir mýsnar í holu allmikla, er hann lét grafa í fyrnefndan hól. Sitthvað kjarnmikið og kröftugt töldu menn hann hafa lesið yfir staðnum og mýsnar hópuðust að agninu eins og þegar fé er til réttar rekið. Þegar Sauðanesbónda þótti sem alla mýs eyjarinnar væru samankomnar í hólgrýfjunni, skipaði hann fyrir um að mokað skyldi kyrflilega yfir hópinn. Var það gert og hóllinn tyrfður, svo að lítt sá fyrir ummerkjum og hefur síðan verið músalaust í Hrísey."

Þetta mun hafa verið á 17. öld en seinna varð annar fjölkunnugur maður til

að nota hann: "Eitt sinn kom hollenzkt skip að Hrísey, og verzluðu eyjarskeggjar við það, en ósætti reis milli skipstjórans og eins eyjarskeggja. Reiddist skipstjóri svo, að hann hótaði að senda Hríseyingum sendingu í hefndarskyni. Líður svo árið og fram til jafnlengdar næsta ár. Kemur þá enn hollenzkt skip í Eyjafjörð og þegar það kemur nærri Hrísey, setur það niður bát, og er honum róið í land og strax til baka aftur. En þetta sama kveld er sótt svo mjög að Hríseyinga þeim, er skipstjórinn hafði reiðzt við sumarið áður, að honum lá við sturlun. Var nú það ráð tekið að senda austur á Vegeirsstaði til Þorgeirs [Stefánssonar (1717-1803) - Galdra-Geira - er bjó í Hrísey skömmu fyrir 1750 og hefur þetta verið eftir að hann flutti úr eynni] og biðja hann að koma til Hríseyjar, til þess að bjarga manningum, sem fyrir aðsókninni varð. Varð Þorgeir við beiðninni og lagði þegar af stað og tók Guðrúnu dóttur sína með sér ... stigu þau feðginin á land, leituðu skamma stund, þar til þau fundu drauginn, og réðust þeir þá hvor að öðrum, Þorgeir og draugurinn. Var atgangur þeirra bæði harður og langur, og mátti ekki á milli sjá, hvor betur myndi hafa, en enginn þorði nærri að koma, fyrr en Guðrún Þorgeirsdóttir óð að þeim og hvessti sjónir á drauginn. Leit hann á hana, og dró þá úr honum mátt allan. Tóku þau feðginin hann þá á milli sín og leiddu hann út á svokallaðan Músarhól, sem er á ysta odda Hríseyjar. Þar settu þau drauginn niður. Í mörg ár á eftir heyrðu Hríseyingar væl draugsins upp um holu á hólnum. Að launum fyrir að koma draugnum fyrir, gáfu Hríseyingar Þorgeiri bát, hlaðinn fiski. Héldu þau feðginin svo heim til sín aftur."

Hættumat:

Heimildir: Jóhannes Óli Sæmundsson: 'Örnefnasögur' Súlur VII, 232; Gríma III, 298-299

Ey-051 Syðstibær

20 hdr. 1712. Bændaeign, Konungsjörð til 1675. Kirkja var í Syðstabæ, fyrst getið 1318, og prestskyld fram á 15. öld. Einnig Syðribær. Ekki er getið um landnám í Hrísey en Ingjaldur sonur Helga magra átti Salgerði dóttur Steinólfs hins lága úr Hrísey, sonar Ölvis barnakarls - ÍF I, 253. Yngri maður að nafni Hríseyjar-Narfi var sonur Þrándar Narfasonar Þormóðssonar ramma landnámsmanns í Siglufirði. Hann átti Úlfeði dóttur Ingjalds Helgasonar magra og hefur eyjan verið ættleifð hennar. Synir þeirra, Ingjaldr og Klængur bjuggu í Hrísey eftir þau og segir frá deilum og dauða Klængs í Víga-Glúms sögu - ÍF I, 246; ÍF IX, 96-96. Í Reykdæla sögu segir frá því að "... Steinn [Þorbjarnarson í Árskógi] var farinn út í Hrísey til veggheðzlu. Vémundur [kögurr Þórisson] bað Galta [bónda í Arnarnesi] skips ... Fara þeir nú þrír út til eyjarinnar. Ok hittu þeir svein einn í eyinni ... áttu þeir kaup saman, Vémundur ok sveinninn ... til þess að [sveinn skyldi] segja honum, hvárt Steinn ok húskarlar hans liggja at naustinu um nóttina eða heim á bænum [sveinninn gneggjá á höfðanum og þeir berjast við naustið]" ÍF X, 188-189. 14.7.1202 sté Guðmundur Arason, þá biskupsefni, á land í Hrísey og sagði messu - Sturl, 208. Hann kom þangað aftur 1232 - Sturl, 323. Hríseyjar-Böðvar Hallsson var uppi um miðja 13. öld og hefur verið í betri bændu tölu því systir hans var gift Sigurði Þorsteinssyni í Hvammi í Vatnsdal - ÍF XVII, 562. 1424 voru Englendingar á ferð og "insulam risoy ... desolatam facerant omnio ... jtem ecclesiam risoy cremauerunt." samkvæmt skýrslu Hannisar Pálssonar. DI IV, 328. 1461 er getið um alkirkju með prestskyld í Syðstabæ og bænhús í Ystabæ - DI V, 356, 360. Á alþingi 1661 er gerð fyrispurn um höndlan Jónas Trelunds og hans fólks í Hrísey norður og fást þau svör að hann höndli eftir kongl. majest. útgefnum bréfum, en ei framar, svo hvorki landinu né landsmönnum verði til skaða."

AÍ VI, 656. Á alþingi 1670 er úrskurðað í kæru meistara Gísla Vigfússonar og Jóns Eggertssonar til Þorvalds Gunnlaugssonar í Hrísey að hann hafi tekið það góss er Markús Jóhannsson Mumm hefði í Hríseyjarbúðum eftir sig látið og er Þorvaldur dæmdur til að bæta jafnmikið og hann hafði tekið - AÍ VII, 184-85. 30.4.1675 afsalar Kristján V til ríkisaðmírals Henrik Bjelke fjölda jarða á Íslandi, þ.á.m. Munkaþverárklosturjörð "Risöe, Lejekvilder fire, Landskyld to Hundrede, Dyrheden fyrgetjuge Hundrede." AÍ VII, 445. Bjelke seldi sr. Sæmundi Oddssyni eyna - JÁM XIII, 501. 3.4.1681 selur sr. Sæmundur Oddsson sr. Skúla Þorlákssyni Hrísey á Eyjafirði, Syðra- og Ytrabæ, 40 hdr. að dýrleika - Jarðabréf, 51. sr. Skúli dó í stórubólu 1703 og erfði þá systir hans eyna og átti hún hana enn 1712 - JÁM X, 97-98. Vogreks í Hrísey er getið á alþingi 1695 - AÍ VIII, 508, 1724 - AÍ XI, 220, 1728 - AÍ XI, 492 og 1729 - AÍ XI, 554. 10.8.1779 selur Þórður Brynjólfsson Thorlacius Hrísey með 5 kúgildum til Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir 300 rd. - AÍ XV, 641.

Tún voru ekki mæld 1917 og hafa þá verið komin undir þorpið sem byrjað var að myndast um aldamótin. Túnið hefur sennilega náð frá bæjarstæðinu niður að sjó að austan en að vestan var sandeyri með sjónum þar sem nú er höfnin. 1712: "Túninu spillir stórlega sandfok frá sjónum, og hefur það eyðilagt völlinn að vísu til þriðjunga, og horfir til stærri eyðileggingar. Engið er mjög slitrótt í svarðleysu rauðbreyskings mýrum og valla brúkandi til slægna. Úthagarnir eru bjarglegir, en mjög búljettir á sumur." JÁM X, 99. Nafn eyjarinnar bendir á að hún hafi verið þakin skógi þegar menn numu þar land en á seinni öldum hefur uppblástur herjað mjög á eyna, sbr 1839: "... helst má telja áföll af sandfoki á tún í Syðstabæ í Hrísey. Er eyja sú mjög uppblásin frá því, sem að fornu hefur verið, og melótt með nokkurri fjöru vestanfram, en klettum og gjáað austan." SSE, 97. 1777: "Fyrrum voru [í Hrísey] 4 bæir, en nú eru tveir þeirra komnir í eyði, og menn telja að ekki sé fært að byggja þá aftur sakir grasleysis, sérstaklega þegar þess er gætt, að þriðji [svo] bærinn er að leggjast í eyði vegna sandfoks, enda þótt eyjan sé víð vaxin allþrosakamiklu lyngi og kjarri. Auk fiskveiðanna hafa eyjarskeggjar nokkuð gagn á vorin af æðarfugli, kríu og teistu, sem verpa þarna, en miklu þó minna að sögn en áður var, sakir áleitni af tóum, sem komast [14] út í eyna á ísum á vetrum og haldast þar víð til vors og gjóta þar á vorin. éta þær egginn og fæla fuglin ... Menn létu ekki vel af drykkjarvatninu í eyinni." ÓÓ II, 14-15.

Ey-051:1 Syðstibær bæjarhóll bústaður 65°58.781 N 18°22.471 V Syðstibær er á háum hól ofan (norðan) við kirkjuna sem nú er í miðju þorpinu í Hrísey. Á hólnum er nú steipt íbúðarhús með hálfniðurgröfnum kjallara, byggt 1917-19. Vestan við það, vestan við steiptan skúr sem nú er, var hár hól, kallaður Skothóll, sem var annaðhvort öskuhaugur eða rústahóll, en hann var jafnaður út um 1980. Áður stóð á hólnum timburhús sem var flutt niður fyrir brekkuna er núverandi hús var reist og stendur það enn neðan við hólinn, austan við kirkjuna. Þegar timburhúsið var á hólnum mun það hafa staðið sunnan við núverandi hússtæði og einnig hafa náð heldur lengra til austurs en núverandi hús.

Steinhús á flötum hól eða stalli framan í hlíðinni. Sléttað tún og garður með runnum er í kring um húsið. Framan (sunnan) við garðinn er breiður, ósléttur stallur með minnisvarða um Hákarla-Jörund. Hellulagður stígur er upp að húsinu að vestan. Ofan við húsið er tún. Það er óslétt og ekki í rækt lengur. Það hefur sennilega aldrei verið sléttað og er þar helst að leita útihúsarústa sbr. 003.

Timburhúsið var reist af Hákarla-Jörundi Jónssyni árið 1885 en steinhúsið af Páli Bergssyni tengdasyni hans 1917-19. Bæjarhóllinn er 70-80 m frá austri til

vesturs og um 40 m frá norðri til suðurs og hafa byggingar sennilega staðið á honum víða. Mikið kom upp af ösku og dýrabeinum er gengið var frá lóðinni aftan (norðan) við núverandi íbúðarhús fyrir nokkrum árum. Af líkum má ætla að torfbærinn sem stóð er timburhúsið var reist hafi verið norðan við það, þ.e. á sama stað og núverandi íbúðarhús. Kjallarinn í því hefur verið handgraffinn og er ekki ákaflega djúpur þannig að töluvert gæti verið eftir af fornminjum í þessum hól.

Hættumat:hætta

Heimildir:

Ey-051: 2 heimild kirkja 65°58.778 N 18°22.479 V
Kirkjan hefur staðið uppi á bæjarhólnum á svæði sem er undir heimreið að húsinu (um 10 m sunnan við það) og stíg að vesturhlið þess. Mannabein og fúnar kistuleifar komu í ljós 1917 þegar núverandi íbúðarhús á Syðstabæjarhól var byggt, um 10 m sunnan við húsið. Grunnt var niður á þær kistuleifar. Einnig komu mannabein í ljós er skipt var um undirbyggingu heimreiðar að Syðstabæjarhúsinu í nóvember 1993. Á bæjarhól. Nú slétt flöt og liggur steinlögð heimreið að húsinu yfir kirkjustæðið.

Mannabeinin sem fundust 1993 voru tekin úr moldarhrúgum sem hafði verið sturtað hjá bensínskála Olís, en efnið kom úr Syðstabæjarhóli þar sem verið var að vinna við heimreiðarlagningu. Unlgingspiltur fann beinin, var þar á meðal hauskúpa, og voru þau tínd saman og send á Þjóðminjasafn sbr. bréf sr. Huldu Hrannar Helgadóttur til Þjóðminjasafns 20.12.1993. Í svarbréfi Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar frá 3.1.1994 kemur fram að auk mannabeina hafi verið send dýrabein úr öskuhaugi og hnífsskaft sem Vilhjálmur taldi vera frá 18. eða 19. öld.

Heimildir um kirkju í Hrísey:

14.7.1202: "En er kaupskipið kemur út að Hrísey tekur [Guðmundur Arason] biskupsefni til orða: "Nú skal lægja segl og vil eg eigi sigla frá manni mínum þeim er í landi er enda vil eg segja messu í dag í eyjunni ... var lagt segl og kastað akkeri. Gekk biskupsefni á land að segja messu ..." Sturl, 208.

1318: XLVII. Hryseyar kyrkia.

Kyrckia j hrysey a messuklædi ein. kaleykur. j. messuserck. kapu. alltarisklædi. iij. messufata kista. messingarstyka. j. jarnstykur. iij. krossar. iij. mariuskript. Tiolld vm kyrkiu vond. kyrkiu kola. munnlaug vond. mercki. ij. kluckur. iij. skrijn. Glodar kier. Elldbere. stoll. kyrckiu sär med Bunade. Graduale.

J kuik[fi e] 'Hier vantar Blad j Bokina' Máld DI II 458

1425: ecclesiam risoy cremauerunt; [Skýrsla Hannisar Pálssonar um yfiringang Englendinga á Íslandi 1424] DI IV 328

[1461]: 1 prestur DI V 360

1487: alkirkia til saungs ok er niðri DI V 356

1712: Sydstebær - Hálfkirkja er hjer og embættað, þá heimamenn hjer og á Ytrabæ eru til sakramentis; JÁM X: 98

17.5.1765: Bænhús í Syðstabæ lagt niður; (PP, 272) [konungsbréf]

1.11.1928: tekin upp ný kirkja í Hrísey og Stærra-Árskógssókn skipt í tvennt, Stærra-Árskógssókn og Hríseyjarsókn; (PP, 270) [stjórnarráðsbréf]

Hættumat:hætta

Heimildir:

Ey-051: 3 tóft


útihús

65°58.828 N

18°22.450 V

Um 70 m norðan við húsið í Syðstabæ er tóft á hól og miklar ójöfnur í kring. Sumt af því er ekki gamalt en annað gæti verið eldri mannvirkjaleifar. Vegarslóði liggur upp til norðurs vestan við tóftina og þar á milli er lítill bárujárnsskúr. Gamalt tún sem ekki er lengur í rækt.

Um 20 m norðan við þennan stað er ferhyrnd dæld, sennilega kálgarður, en fast suðvestan við tóftina er eins og garður gangi undan tóftinni til suðurs, sem þó gæti aðeins verið moldarhrúga sem ýtt hefur verið til..

Hættumat:hætta**Heimildir:****Ey-051: 4** Syðstabæjarvarir heimild lending 65°58.636 N 18°22.062 V

1712: "Heimræði er hjer og lendingar margar sæmilegar og skipsuppsátur góð og brúkast til skiftis eftir veðurstöðu. Eitt skip heimabóndans gengur hjer nú, en so mörg mega ganga sem hann fær við komið." segir í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.

Syðstabæjarvarir ná frá Búðartanga (sbr. 005) og vestur að sandeyrinni þar sem nú er höfnin. Varirnar hafa verið á um 300 m breiðri strandlengju. Þær voru í allbrattri (25-30°) stórhnullungafjöru en hinsvegar er aðgrunnt þar.



Grjóti mun hafa verið rutt til, til að mynda rásir þar sem bátarnir voru dregnir upp. Margar bryggjur voru á Vörunum á fyrri hluta 20. aldar en allar eru þær horfnar nú. Syðstabæjartúnið hefur náð niður að Vörunum vestanverðum. Um 5 m austur en beint niður af tóftinni 005, um 30 m austur af steypu húsi í fjörunni og um 20 m vestur af Búðartanga er svartur steinn í flæðarmálinu og á hann norðanverðan er höggvinn stafur.


Einng var lent í Hafnarvík sem er austan við Búðartanga, milli hans og Stekkjarnefs. Hafnarvík er þrengri en Varirnar en þar er sennilega betra skjól. Þar ganga klettur í sjó fram en á milli þeirra eru hnnullungafjörur þar sem hægt hefur verið að lenda en allsstaðar er fremur bratt að fara upp á bakkann. Ýmiskonar minjar eru uppi á bakkanum milli húsanna, kálgarðar, þurkreitir og sjóhússtæði. Einnig eru þar öskuhaugar sem brim brýtur af en allar þessar minjar tengjast þorpinu og þróun þess á 20. öld.

Hættumat:**Heimildir:** JÁM X, 99**Ey-051: 5** Búðartangi

tóft

verbúð 65°58.670 N 18°22.162 V

1712: "Verbúðir hafa hjer verið 4, 3 af þeim standa enn, og bygði ábúandi þær af rekanum á sinn kost og leigði þær síðan sjófólkinu, hvörja fyrir 5 álnir, eftir sem heyrst hefur." segir í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Verbúðir hafa að líkindum verið víða ofan við Syðstabæjarvarir og Hafnarvík á



mismunandi tímum en aðeins ein tóft er nú eftir sem gæti verið verbúð. Hún er uppi á bakkanum, skammt vestan við Búðartanga og austarlega við Varirnar. Hún er um 30 m sunnan við veginn austur í Hafnarvík og 15 m norðaustan við steipt hús sem stendur eitt alveg niðri í fjörunni austarlega í Vörunum. Á grasi grónum bakka, um 2 m ofan við sjávarmál og um 20 m norðan við fjörumálið.

Tóftin er mjög há að utan, einkum að suðvestan. Hún hefur sennilega verið tvískipt og eru dyr á suðurgafli - að sjó. Brynjólfur Jóhannesson benti Þorsteini Þorsteinssyni í á þessa tóft og hafði sagt að hún myndi vera merkileg. Sjóhús stóðu áður frammi á bakkanum milli tóftarinnar og sjávarmáls og sjást grunnar þeirra næst Búðartanga. Þau gætu verið reist á eldri sjó- eða verbúaðleifum.

Hættumat:hætta


Heimildir: JÁM X, 99

Ey-051: 6 *Saltnes* bæjarstæði býli 65°59.188 N 18°23.810 V
1712: "Saltnes, fornt eyðiból í þessarar jarðar landi vestur frá heimajörðinni og hefur þar ekki bygt verið í manna minni, en ljós eru þar byggíngamerki. Aftur má hjer byggja, því túnstæði er sæmilegt, en útslægjur mjög litlar." segir í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. "Er Saltnesið útvestur frá kaupstaðnum ..." segir í örnefnalýsingu.


Saltnes
heitir nú hrörlegt
steypuhús skammt
vestan við
kirkjugarðinn og er það
vestasta húsið í þorpinu
fyrir utan
kynbótastöðina. Tóftir
hins forna Saltness eru
fast vestan við þetta
hús, tveir rústahólar og
garðspotti. Grösugur
mói og standa byggingar austan í tóftunum en upphlaðinn vegur er norðan við og nær hann niður að sjó og hefur þar skemmt túngarðinn. Tóftirnar eru um 150 m norðan við fjörumál en mikið rask hefur verið í fjörunni og upp af henni í grasmóanum neðan við bæjarstæðið. Þannig hefur verið tekið af túnstæðinu og hugsanlega hafa tóftir einnig horfið "Saltnesið minnir á saltvinnslu, sem skráðar heimildir sanna, að þar hefur verið, því að árið 1318 fékk Munkaþverárklaustur í afgangi af Hrísey, auk 30 vætta skreiðar, fimm vættir salts." Ö-Árs, 38 sbr DI II, 485-87. Heitt vatn er í flæðarmálinu VNV af bæjarstæðinu, um 30° heitt og hefur það verið notað við saltvinnslna.

Hættumat:hætta

Heimildir: JÁM X, 99; Ö-Árs, 38



Ey-051: 7 *Hvatastaðir* bæjarstæði býli 65°59.955 N 18°21.882 V
1712: "Huatastader, annað eyðiból í þessarar jarðar landi, austanvert áeyinni. Um það er sama að skrifa og [Saltnes], að það hefur ei bygt verið frá gamalli tíð, en auðsjenar eru hjer tófta og girðingaleifar. Ekki má hjer aftur bygja, því túnstæði er lyngi vaxið." segir í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hvatastaða er einnig getið í eyðibýlatali Olavíusar og er býlið talið byggilegt á ný en þó með endurbótum. "[Sunnan við Borgarbrík heita hleinar Bríkur] og milli þeirra Ytri- og Syðri-Bríkarbás,



líka nefndir aðeins Ytribás og Syðribás. Uppi þar á bakkanum eru tóftir Hvatastaða ... Litlu sunnar eru Hvatastaðavík og Hvatastaðasker." segir í örnefnalýsingu.

Hvatastaðir eru á sjávarbakkanum austan megin á Hrísey, nyrst í Syðstabæjarlandi og er bæjartóftin um 200 m sunnar en merkjagirðingin sem er á sama stað og garðurinn 017. Garður er kringum hið forna túnstæði og innan hans tveir rústahólar. Skammt sunnan við eru tvær verbúðir á sjávarbakkanum. En utan við er annar garður sem umgirðir mun stærra svæði og nær hann allt frá

garðinum 017 sem er á mótis við Borgarbrík og 400 m suður af bæjarstæðinu.

Bæjarstæðið er í 50-80 m breiðri dæld milli melhóls og hárra sjávarkletta, þýfður grasmói með lyngi. Ytri garðurinn nær utanum 2 melhóla og eru lögðir á milli með grasmóa. Berir melar eru ofan (vestan) við en þar vestan við eru lyngmóar. Með ströndinni suður frá bæjarstæðinu er klettótt en grösugt á milli. Sjórinn brýtur af bakkanum og eru verbúðirnar að hluta hrundar í sjóa fram og hefur Þorsteinn Þorsteinsson tínt þar upp ryðgaða járnagla og krítarpípubrot (brot af stórum haus). Einnig brýtur af bæjarstæðinu og á aðeins 3-4 metra eftir að tóftunum.

Rústunum má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er lítil bæjarrúst og fjárhústóft hjá í girtu túni og mikill garður sem girðir af móana umhverfis. Í öðru lagi eru 2 verbúðir á bakkanum sem sýnilega eru yngri en bæjarrústirnar. Í þriðja lagi er grjótrúst á melholti sunnan við bæjarstæðið og suðvestur af verbúðunum og er erfitt að segja hvort hún sé frá sama tíma og búskapur á Hvatastöðum eða yngri. Bæjarrústin er 21x7 m að utan, mjög há eða 1,5 m að utan en 0,6 m að innan. Efst eru

Þrjú hólfr en að sunnan gengur eitt hólfr undan sem greinilega er eldra. Útihústóft er 23 m norðar og hærra uppi á grónum klettahól. Hún er á mjög háum rústahól og er 16x7 m að utan, fjárhús með garða og smátóft aftanvið, sennilega heytóft. Túngarðurinn er 140 m langur (vesturhlið) en að sunnan eru 26 m að bakkanum en að norðan 45 m en þar liggur garðurinn á ská til ANA og rennur lækur utanmeð honum. Þar norðan við er votlendi og er þar annað afgirt hólfr, tæplega 50 m breitt en heldur breiðara en túnstæðið því það nær lengra inn í landið auk þess sem ströndin beygir þar heldur til austurs. Túngarðurinn er mest um 1,6 m hár og er víðast stæðilegur og hærri að utan en innan. Túnstæðið er harður lyngmói og er þar engin valllendisgróður. Allstór rofblettur er vestan við bæjarrústina en einnig er töluvert rof af völdum sjávarróts norðan við útihústóftina. Sunnan við túnstæðið er votur lyngmói, allþýfður á köflum og er hugsanlegt að þar leynist mannvirkjaleifar. Um 45 m sunnan við túngarðinn rennur lækur í sjó fram um þetta votlendi og fast sunnan við hann eru tvær verbúðatóftir fremst á háum bakka ofan við allbreiða malarfjöru sem nær norður undir túnið. Þar hefur verið sæmileg lending. Nyrðri tóftin er 12 m löng og hefur verið um 8 m breið en eystri langveggurinn er nú horfinn í sjóinn. 12 m sunnar er önnur tóft, mun minni og eru nú 5x5 m eftir af henni en austurhlutinn er horfinn í sjóinn. Á milli þessara tófta er steinaröð við blett sem gæti verið sokkin tóft. um 9x5 m að stærð. 56 m suðvestur af nyrðri verbúðinni er grjóthlaðin tóft uppi á blásnum malarhól. Hún er 7x5 m að stærð og dyr eru á austurgafli. Ytri garðurinn er alls 725 m langur og afgirðir svæði sem er 655 m langt frá norðri til suðurs og víðast um 120 m breitt. Hann er víðast um 3 m breiður og innan við 1 m hár.

Hættumat:hætta

Heimildir: JÁM X, 99; ÓÓ II, 39; Ö-Árs, 39-40

Ey-051: 8 *Stekkjarnef* örnefni stekkur 65°58.772 N 18°21.468 V
"Tangatotan vestan [við skerið Slödd] er Stekkjarnef, en þar stendur syðsta og austasta býli Hríseyjar, nefnt sama nafni. Þar mun hafa verið Syðstabæjarstekkur." segir í örnefnalýsingu.

Stekkjarnef er austan við Hafnarvík og stendur samnefnt hús, hið austasta í þorpinu, á sléttri grund ofan við nefið. Hvergi sér til stekkjartóftar. Austan við nefið sjást víða leifar af kálgörum ofan við sjávarbakkann. Stekkjarnef er klettanef sem gengur í sjó fram og er gróið að ofan. Í kringum húsið er sléttað tún, allt niður á nefið og ofan við einnig, upp undir Hafnarvíkurhól.

Hættumat:hætta

Heimildir: Ö-Árs, 40

Ey-051: 9 *Hafnarvíkurhóll* heimild huldufólk 65°58.916 N 18°21.852 V
"Vestan [Hafnarvíkur] eru Hafnarvíkurklettur og ofan við hana Hafnarvíkurhóll. Þar var talinn mikill huldufólsbústaður." segir í örnefnalýsingu. Hafnarvíkurhóll er klettahóll sem búið er að sprengja úr allstórt stykki syðst, um 50 m ofan við sumarbústaði sem standa í brekkunni ofan við húsin í Hafnarvík.

Hafnarvíkurhóll var, áður en hann var sprengdur, klöpp framan í hólrana. Verið er að græða upp sárið. Uppi á hólnum hefur verið sáð lúpínu og barrtrjám. Vel gekk að sprengja klöppina, svo vel raunar að lá við slysum af mönnum undir grjótrenginu. Hóllinn var sprengdur um 1960.

Hættumat:

Heimildir: Ö-Árs, 40

Ey-051: 10 *Langamýri* mógrafir 65°59.079 N 18°21.238 V

"Sunnarlega á eyinni er allstórt mýrsvæði, sem einu nafni heitir Langamýri. Þar var mótekja eyjarskeggja." segir í örnefnalýsingu. Langamýri liggur frá norðri til suðurs frá sjó, skammt austan við gamla öskuhauga eyjarskeggja (þar sem vegurinn endar), og upp á eyna austan við langt klettabelti. Lækur rennur eftir mýrinni miðri. Grafir eru á tveimur stöðum, þær neðri (syðri) eru eldri, ferkantað svæði um 100x100 m svæði en þær efri ná yfir heldur stærra svæði.

Þurr mýri með fifu. Grafirnar sjást vel, með skýrum kanti, 0,4-0,8 m háum alla leið og mótar fyrir einstökum gröfum innan. Yngri grafirnar eru um 100 m ofar (norðar) en þær eldri og var mór síðast tekinn þar efst um 1950.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árs, 40

Ey-051: 11 Beinalág örnefni legstaður 65°59.107 N 18°22.498 V
"Beinalág og hóllinn Dys eru austur og upp frá Lambhaga [sem er út og vestur frá höfninni]." segir í örnefnalýsingu. Beinalág liggur þvísennæst frá austri til vesturs fyrir norðan stórt trönustæði ofan við verkstæðishús sem stendur stakt ofan (norðan og austan) við akveginn úr þorpinu til Ystabæjar. Trönuhóll heitir hár hóll norðan við lágina þar sem hún endar til vesturs. Austurendi lágarinnar nemur við garðinn 015. Alldjúp (3-4 m) og breið (30-50 m) grösug lægð, aflöng og hlykkjótt milli lyngmóaholta.

Engin sögn er tengd þessu nafni svo vitað sé. Mjór garður liggur þvert yfir lágina miðja og er yngri vegarlóði fast austan við hann. Norðan við lágina heldur garðurinn áfram um 10 m en beygir svo til vesturs um 20 m. Á síldarárunum var láginn vinsæll staður fyrir elskendur.

Hættumat:


Heimildir: Ö-Árs, 40

Ey-051: 12 Norðmannadys örnefni legstaður 65°58.959 N 18°2.285 V
"Beinalág og hóllinn Dys eru austur og upp frá Lambhaga [sem er út og vestur frá höfninni]." segir í örnefnalýsingu. Norðmannadys er nú horfin en hún var grjóthrúga sem rutt var niður er gerðir voru kartöflugarðar ofan við þorpið, svo að segja 300 m beint ofan (norðan) við Syðstabæ. Sagt var að Norðmannadys væri beint austur af Selaklöpp.

Áður lyngmói, nú aflagðir kartöflugarðar sem farnir eru að gróa upp með lyngi á ný. Sú sögn fylgir Norðmannadys - og mun hafa gengið mann fram af manni í eyinni - að útlenskir menn hafi stigið á land þar skömmu eftir ránsfeðir Englendinga á 15. öld og að eyjarskeggjar hafi brugðist skjótt við og farið að þeim og drepit þá alla en seinna kom í ljós að þetta voru norskir skipbrotsmenn sem engum villdu illt. Eiga þeir að hafa verið dysjaðir í Norðmannadys.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árs, 40



Ey-051: 13 2 tóftir 65°58.946 N 18°21.872 V

Uppi á Hafnarvíkurhól, um 150 m norðan við klöppina sem sprengd var sbr. 009, 20-40 m sunnan við garðinn 015 eru tvær fornlegar tóftir. Þýfður lyngmói.

Rústirnar eru grænni en móinn umhverfis en þó er mest krækiberjalyng á þeim. Skammt sunnan við vex lúpína og barrtré (lerki og greni). Uppi á ási sem endar í klettabelti, en vestan við er slakki niður í lægð með votlendi.

Syðri tóftin er 20x8 m að utanmáli, snýr norður-suður. Hún er allt að 1,5 m há að utan. Hin er 29 m NNV við og er 12x7 m að utan og heldur ógreinilegi. Á hvorugri tóftinni sjást dyr en vesturlangveggur nyrðri tóftarinnar er óglöggur.


Hættumat:hætta

Heimildir:

Ey-051: 14 tóft

65°59.260 N 18°21.625 V

Í lægð vestan við Löngumýrarhamra, beint vestur af Löngumýrartjörn er stök tóft. Merkt gönguleið liggur um lægðina fast hjá tóftinni. Gróin lægð milli gróinna holta, þýfður lyngmói í kring en tóftin sjálf er á sléttri flöt. Hvergi vatnsból í kring.



Aflöng tvíhólfa tóft,
sennilega stekkur. Byggt á eldri rústum.

Hættumat:engin hættu

Heimildir:

Ey-051: 15 garðlag

vörslugarður 65°58.924 N 18°21.519 V

Garður liggur í sveig eftir endilöngu Syðstabæjarlandi. Suðausturendi hans sést fyrst norðan við öskuhaugana austan við Stekkjarnef og hefur hann þar verið skemmdur af haugunum. Þar hefur jarðvegi verið hrúgað upp á garðinn að austan en neðan við akveginn sést garðurinn ekki og er óvíst hvort hann hafi ná svo langt í suður. Frá haugunum liggur hann upp á eyrna til norðvesturs, um 20 m frá tóftunum 013. 140 m frá suðurenda gengur annar garður beint til vesturs frá þessum, um 70 m langur og er sá mjórri en aðalgarðurinn. Þetta er heldur austar en beint upp af Stekkjarnefi) og í kvrkinni milli garðanna má e.t.v. greina fleiri garðlög. Um 800 m frá suðurenda er gleitt horn ofan við trönustæði austan við Beinalág og beygir garðurinn þar til NNV. Alls eru garðuin 2150 m frá suðurenda að Miðbæjarmerkjum (sbr. 017). Þar endar garðurinn, en 60 m vestar er garður sem liggur í sömu stefnu, frá 017 og 480 m að garði á hinum fornu Ystabæjarmerkjum (sbr. Ey-050:013). Garðurinn heldur áfram um 250 m norðan við þau merki og endar á hól sem akvegurinn til Ystabæjar liggur líka yfir. Síðustu 100 m sveigir garðurinn til vesturs og er raunar mjög óglöggur á þeim kafla og gæti hafa orðið fyrir hnjaski. Er sá hluti garðsins sem er í núverandi Ystabæjarlandi alls um 730 m langur en alls er garðurinn 2880 m langur.

Um lyngmóa. Hugsanlegt er að garðurinn hafi náð enn lengra til norðurs og að akvegurinn hafi verið lagður ofan á hann frá þeim stað sem garðurinn endar nú.

Hættumat:hætta

Heimildir:

Ey-051: 16 garðlag

vörslugarður 65°59.248 N 18°22.850 V

Annað garðlag er samhliða langa garðinum 015, vestan við hann, norðan við þar sem sá garður hefur beygt til norðurs vestan á eyrni. Suðurendi garðlags þessa er í mýri skammt norðan við nyrstu trönurnar ofan við þorpið í Hrísey og gæti vel hafa náð lengra til suðurs. Þar eru um 250 m milli garðanna. Norðar dregur heldur saman með gördunum og eru um 100 m á milli þeirra við landamerkjagarðinn 017. 770 m eru af þessum garði sunnan við 017 en 245 m norðan við en þar hverfur hann í móana á móts við yngsta fjárhúsið í Miðbæ (sbr. Ey-050:007). Miðað við stefnu gæti norðurendi

garðsins hafa tengst túngarði í Miðbæ en þar sem þeir gætu hafa tengst hefur verið mikið rask vegna æðarvarps. Um lyngmóa. Garðurinn hefur rofnað á einum stað (um 300 m sunnan við Miðbæjarmörk) þar sem gerð hefur verið tjörn og er allblásinn og ógreinilegur 150-200 m þar sunnan við.

Hættumat:hætta

Heimildir:

Ey-051: 17 garðlag landamerki 65°59.664 N 18°23.118 V
Garður er þar sem merki voru milli Miðbæjar og Syðstabæjar í breiðum boga þvert yfir Hrísey. Hann sést glöggst sitthvorumegin við veginn að Ystabæ og milli garðanna 015 og 016, og sömuleiðis skamman spöl upp frá Borgarbrík austanmegin á eyjunni en annarsstaðar er hann ógreinilegri og sumstaðar alveg blásinn eða sokkinn í mýri. Það er þó hvergi á lengri köflum en svo að auðveldlega má greina hann af loftmynd alla leið frá Borgarbrík að austan að Merkisnesi að vestanverðu. Mest um lyngmóa, en einnig um blásna mela og mýrardrög. Fallin vírgirðing er víðast á garðinum.

Við þennan garð er miðað í landamerkjalyýsingy Ystabæjar og Syðstabæjar frá 1. maí 1884

Hættumat:hætta

Heimildir: Landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu I, 40

Ey-051: 18 Svarðargrafir örnefni mógrafir 65°59.171 N 18°23.139 V
Samkvæmt örnefnakorti Sæmundar Stefánssonar heita Neðri Svarðargrafir neðan við akveginn að Ystabæ, skammt fyrir utan Trönuhól, í línu milli hans og Saltness. Á þessum stað er sléttur mýrarfláki og neðst í honum tjarnir sem greinilega eru manngerðr. Hvergi sér til grafa á þessu svæði.Mýri. Samkvæmt sama korti voru Efri Svarðargrafir ofan (austan) við veginn, norðvestur af Trönuhóli og er þar framhald af sama mýrarfláka. Ytra Grafarholt heitir einnig næsta holt fyrir norðan grafirnar. Fast vestan við akveginn eru nýlegar mógrafir, fullar af vatni og hafa þær verið teknar með vélskóflu.

Hættumat:

Heimildir: Örnefnakort Sæmundar Stefánssonar

Ey-051: 19 þjóðsaga þjóðsaga skrímsli
"Sandur er utan við Syðstabæ, og eru menn vanir að lenda þar, þá er sunnanstormur er, því að þá er svo mikil kvika við aðallendinguna, að þar er ekki lendandi. Eitt sinn er Jörundur [Jónsson bóndi í Syðstabæ, d. 1891] kom út, heyrði hann skjáf niður á sandi og gekk þangað, því að hann hugði, að menn sínir væru komnir heim [úr kaupstað]. Hann gekk á tréskóm. Þegar han kom ofan á sandinn, sá hann einhverja þústu og hélt fyrst, að þetta væri bátur manna sinna, en ekki heyrði hann neitt mannamál. Hann gekk nú nær og sá þá, að þetta var skepna ein afar mikil, og skjáfaði í henni. Hala hafði hún afar langan, en annars sá Jörundur ekkert sköpulag á kvikindi þessu. Hann varð hræddur og sneri þegar heimleiðis, en hann var orðinn gamall og þungur og því stirður til hlaupa. Jörundur hljóp þó svo hart sem hann gat, og skrímslið á eftir. Fyrir neðan bæinn er brött brekka, og vantaði lítið á, að skrímslið hefði náð Jörundi, er hann var kominn þangað; fleygði hann þá tréskónum, til þess að verða fljótari á sér, og komst við það í bæinn. Hann lokaði bænum, hljóp inn og lét þegar fólkið fara að háttu og slökkva öll ljós; varð það einskis vart um nóttina, en Hríseyingar komu ekki innan að fyrr en næsta dag. Föl hafði verið á jörðu, og var því farið að hyggja að sporum skrímslisins næsta morgun; sást þá slóð eins og eftir kollubotna og greinilegt far eftir hæla skrímslisins."

Eftir sögn Óla Björnssonar frá Syðstabæ í Hrísey 1901.

Hættumat:

Heimildir: ÞÓD III, 22

6. kafli Fornleifar og byggð í Hrísey

Hrísey er um 11,5 km² að flatarmáli, um 7 km að lengd og 2,5 km þar sem hún er breiðust. Hún rís hæst um 110 m yfir sjó norðaustan við Ystabæ en er víðast sléttlend nema á ytri hluts austurstrandar en þar eru brattar skriður í sjó fram. Allsstaðar nema á suðurodda eyjarinnar er bratt í sjó fram, 3-10 m háar brekkur eða klettur og undir þeim víða mjóar stórsteinafjörur. Víða má því lenda við Hrísey en ekki er allsstaðar jafnskjólgott eða auðvelt að draga báta upp á land. Neðan við túnið í Syðstabæ var sandeyri og sitthvorumegin við hana voru breiðari og meira aflíðandi fjörur en annarsstaðar í eyjunni og hefur mest útræðið því jafnan verið frá þeim stað.

Öll hefur eyjan verið gróin á landnámsöld, sennilega birkikjarri eins og nafn hennar bendir til. Á seinni öldum er getið um uppblástur í Hrísey³⁰ og virðist hann hafa stafað af ofbeit. Enn eru berir melar sumstaðar, einkum á norðurhluta eyjarinnar en hún er óðum að gróa upp enda hefur ekkert sauðfé verið í Hrísey frá 1974.

Fyrir utan búfjárbæit og útræði hafa eyjarskeggjar haft talsvert gagn af varpfugli og er þess getið í heimildum frá 18. öld.³¹ Jarðhiti er við Hrísey og hefur hann verið nýttur til saltgerðar á miðöldum.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir, en jafnframt þeir sem einna verst hafa orið úti í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir, og þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum gereyðilagst.

Þrír gamlir bæjarhólar eru í Hrísey og eru þeir allir skemmdir að einhverju leyti. Á bæjarhólum í Syðstabæ stendur steinhús frá byrjun aldarinnar. Það er með

³⁰ ÓÓ II, 14-15, SSE, 97.

handgröfnum kjallara sem hefur verið grafinn ofaní stæði síðasta torfbæjarins á Syðstabæ og sennilega skemmt töluvert af yngri mannvistarleifum í hólnum. Þar fyrir utan hefur rask verið á hólnum þar sem kirkjugarðurinn er og hafa þar komið upp mannabein sambendir til að hóllinn hljóti að hafa verið lækkaður. Í Miðbæ hefur ekki verið búið hinar síðari aldir en þar er engu að síður allstór og breiður hóll. Hóllinn hefur verið sléttaður að ofan en í einu horni hans sjást þó tóftaleifar. Sennilega hefur aðeins yngsta byggingaskeiðið verið eyðilagt er hóllinn var sléttaður.

Á bæjarhóli Ystabæjar stendur timburhús og hefur þar ekki verið grafinn kjallari. Leifar yngstu bæja í Ystabæ hafa horfið við framkvæmdir á þessari öld en megnið af hólnum er sennilega óskemmt.

Fyrir utan bæjarhólana eru a.m.k. tvö bæjarstæði, Saltness og Hvatastaða. Á báðum stöðum eru litlir rústahólar undir þeim tóftum sem sýnilegar eru og hafa þær ekki verið skemmdar en á Hvatastöðum er bæjarstæðið í heild í hættu vegna landbrots og á Saltnesi hafa talsverðar skemmdir verið vegna búsetu og vegagerðar á þessari öld.

Útihús og túngarðar

Útihús eru yfirleitt langstærsti minjaflokkurinn á hverju svæði, en þau eru víðast horfin, hafa verið sléttuð undir tún eða horfið undir nýrri byggingar. Í Hrísey eru aðeins fjögur útihús skráð sérstaklega en þar fyrir utan eru nokkur sem skráð eru sem hluti bæjarstæða Miðbæjar (4), Hvatastaða (1) og Saltness (1). Hjá Syðstabæ er ein tóft sem greinilega er af útihúsi og er tæplega mjög gömul. Án efa hafa verið fleiri útihús í hinu forna Syðstabæjartúni en heimildir skortir um það því túnakort var ekki gert fyrir þá jörð 1917 enda hefur skepnubúskapur þar þá verið lítill sem enginn. Önnur útihússtæði í Syðstabæjartúni hafa vafalítið lend undir byggingum þorpsins á þessari öld. Í Ystabæjartúni voru í byrjun 20. aldar 3 útihús, eitt heima á hlaði en tvö saman syðst í túninu. Tóft af öðru þeirra er enn uppi og hefur hvorttveggja verið fjárhús. Af lögun útihústóftanna í Miðbæ, á Saltnesi og Hvatastöðum má ráða að í öllum tilfellum hafi verið um fjárhús að ræða. Eins og títt var í Eyjafirði og víðar um land hafa Hríseyingar sennilega haft fjós sín inni í bæjunum.

³¹ JÁM X, 98-99, ÓO II, 14-15.

Túngarðahleðsla var mikilvægur hluti af túnabótum á 19. öld og á það einnig við um Hrísey. Leifar eru enn af allmiklum túngarði austan við gamla túnið í Ystabæ en engar slíkar leifar eru um Syðstabæjartún en ekki er vitað hvort þar hefur nokkur tíma verið garður um en hafi svo verið er hann nú horfinn undir byggingar. Miklir túngarðar, mun eldri en frá 19. öld, eru um tún Miðbæjar, Hvatastaða og Saltness og eru þeir hluti af hinu mikla garðakerfi Hríseyjar. Einnig er garðspotti við Krossatóftir nyrst á eyinni.

Tún og garðar

Þó að tún séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi eru þau þó til orðin af mannavöldum og með aðferðum lífefnafræði og fornvistfræði má fá gömul tún til að gefa vísbendingar um sögu jarðræktar. Langflest heimatún á Íslandi eru enn í fullri notkun og hafa verið sléttuð margsinnis með stórvirkum vinnuvélum og á þau hefur verið borinn ólífrænn áburður um árabil. Tún sem orðið hafa fyrir slíku hnjaski henta verr til rannsókna og því er mikilsvert ef hægt er að finna tún sem eru að mestu ósnert af tækni 20. aldar. Byggt hefur verið á stærstum parti Syðstabæjartúns en hinn efri hluti þess var tekinn undir kartöflugarða á þessari öld. Mestur hluti Ystabæjartúns virðist einnig hafa verið sléttaður en að öðru leyti hefur ekki verið mikið um túnrækt í Hrísey á þessari öld. Saltnestúnhefur sennilega verið slegið og bætt á þessari öld en Hvatastaðatún er fullkomlega hrjóstugt og var komið á kaf í lyng þegar í byrjun 18. aldar. Stór hluti Miðbæjartúns hefur verið skemmdur af jarðraski vegna æðarvarps en nyrðri hluti þess er óskertur og er þar enn vallendi með talsverðri sprettu.

Ekki er vitað um gamla kál- eða kartöflugarða í Hrísey en á þessari öld var mikil kartöflurækt ofan við þorpið og var allstórt svæði sléttað undir þá garða. Á túnakorti fyrir Ystabæ frá 1917 eru sýndir nokkrir litlir kálgarðar, bæði heima við bæinn og á sjávarbakka neðan við túnið og sjást leifar eins þeirra enn.

Stekkir og kvíar

Stekkur frá Syðstabæ var á Stekkjarnefi austan við Hafnarvík en rúst hans er nú horfin. Þá er einnig stekkarleg tóft astantil í landi jarðarinnar, beint vestur af

Löngumýrartjörn. Tvö stekkjörnefni eru í landi Ystabæjar. Stóristekkur heitir austan á eyjunni sunnan við Melenda en þar sjást engin merki til tófta. Steinstekkjjarvík heitir svo vestan við eyna gegnt Stórastekk en þar eru tóftaleifar sem að hluta eru komnar undir veginn að Ystabæ.

Engar kvíatóftir eru þekktar í Hrísey.

Beitarhús og sel

Beitarhúsatóft frá Ystabæ er á höfða skammt norðan við Miðbæjarmörk en ekki er vitað um beitarhús frá Syðstabæ. Þó má nefna að mögulegt er að fjárhúsið á Hvatastöðum hafi verið notað sem beitarhús löngu eftir að föst búseta lagðist þar af.

Ekki er vitað um sel í Hrísey en Selvík heitir þó utarlega í Ystabæjarlandi, skammt suður af Krossatóftum. Víkin gæti verið kennd við seli en einnig er hugsanlegt að hún sé til marks um seljabúskap og má vera að Krossatóftir séu leifar af slíkri búsyflu. Þar er garðlag og útihúslegar tóftir sem benda til að byggingaleifar þessar séu meira en verbúðaminjar. Einnig er hugsanlegt að Hvatastaðir hafi verið notaðir sem sel.

Uppi á Hafnarvíkurhól eru tvær fornlegar tóftir sem sennilega standa í einhverju samhengi við nýtingu haglendis en ekkert er vitað um þær og hafa þær ekki einu sinni nafn.

Vörslugarðar

Sérkenni á Hríseyskum fornleifum eru hinir miklu garðar sem liggja um eyjuna þvera og endilanga. Sumir þessara garða virðast vera landamerkjagarða. Þannig liggja tveir garðar samhliða þvert yfir eyjuna sinn hvoru megin við bæjarstæði Miðbæjar og er einsætt að þeir hljóti að vera merkjagarðar enda hafa merki milli jarðanna í Hrísey fylgt þeim fram á 20. öld. Fyrir utan þessa garða er langur garður utan um bæjar- og túnstæði Hvatastaða og er alls óvíst hvaða hlutverki hann hefur gegnt. Svæðið sem hann afgirðir er miklu stærra en svo að hann hafi átt að verja tún og virðist hann því hafa verið gerður til að skipta högum. Ef til vill hefur kotinu ekki tilheyrt annað land en það sem innan garðsins er eða að hann hefur verið gerður til að skipta högum í

heimahaga og úthaga og er þó ekki ljóst hversvegna slík skipting hefði átt að vera talin nauðsynleg.

Ljóst er þó að einhverskonar skipting bithaga hefur verið við lýði á fyrri tíð, einkenni búskaparháttanna sem ekki þekkjast frá seinni öldum, því nærri 3 km langur garður liggur frá suðausturhorni eyjarinnar til norðurs í gegnum allt Syðstabæjarland og Miðbæjarland og spölkorn inn í Ystabæjarland. Annar garður, styttri, liggur samsíða þessum að vestan á um 1 km löngu bili. Erfitt er að geta til um hlutverk þessara garða en mikilsvert væri að gera rannsókn á því.

Engjar og áveitur

Engjar voru mikilvægar í efnahag landbúnaðarsamfélagsins. Tún voru lítil, og af þeim fékkst aðeins taða fyrir mjólkurkýrnar. Öll önnur hey komu af engjum sem voru mjög misjöfn að gæðum. Blautlent er með köflum á sunnan og suðvestanverðri Hrísey en ekki virðast þau votengi hafa verið mjög grasgæf þó þau hafi eflaust verið slegin. Önnur engi hafa verið lítil nema kjarr og lyng sem vel má hafa verið slegið þó ekki séu heimildir um það. Engin áveitumannvirki eru í Hrísey enda látið um rennandi vatn. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er látið illa yfir engjum í Hrísey og segir þar um engi Syðstabæjar að það sé “mjög slitrótt í svarðleysu rauðbreyskings mýrum og valla brúkandi til slægna.” Á móti þessu engjaleysi kom að útigangur var góður í Hrísey “og þarf roskið fje sjaldan mikinn heystyrk í meðalári.”³²

Vatnsból

Ekki eru nein vatnsból skráð sem fornleifar í Hrísey en brunnar hafa verið bæði við Syðstabæ og Ystabæ og sennilega við smábýlin einnig. Í Ferðabók sinni frá 1777 getur Ólafur Olavíus þess að menn hafi ekki látið vel af drykkjarvatninu í Hrísey.³³

³² JÁM X, 98-99.

³³ ÓÓ II, 15.

Svarðargrafir

Svarðargrafir eru á tveimur stöðum í landi Syðstabæjar. Þær eldri voru norðan við þorpið, sitthvoru megin við veginn að Ystabæ og mun langt síðan hætt var að nota þær. Fram undir miðja 20. öld var mór sóttur í grafir austan við þorpið, í Löngumýri og sjást þær grafir enn vel. 1712 var móskurður til eldiviðar í landi Syðstabæjar talinn bjarglegur en þar eins og í Ystabæ var lyng einnig rifið til eldiviðar.

Kuml og kirkjugarðar

Engin kuml eru þekkt í Hrísey en til eru sagnir um dysjar syðst og nyrst á eyinni. Syðst, skammt ofan við Syðstabæjarhús, hét grjóthrúga Norðmannadys og fylgdi sú sögn að þar hefðu verið dysjaðir norskir sjómenn sem vegnir voru í misgripum af styggum eyjarskeggjum. Grjóthrúga þessi hvarf er kartöflugarður var gerður þar en ekki munu nein bein hafa komið í ljós. Svipuð saga er til um dys sem á að hafa verið á hæsta punkti eyjarinnar, nokkrum metrum frá þar sem vitinn er nú, en þar sést ekkert á yfirborði. Örnefnið Beinalág er skammt norðan við þorpið og gæti bent til að þar hafi fundist mannabein þó ekki sé það fullvíst.

Kirkja var í Syðstabæ og hafa bein komið í ljós oftar en einu sinni á bæjarhólnum suðvestan við bæjarstæðið. Bænhús var einnig við Ystabæ en ekki er vitað hvar það stóð né hvort greftrað hafi verið við það.

Leiðir

Engar leiðir hafa verið skráðar í Hrísey enda ekki víða hægt að fara nema á milli bæja. Leiðin milli Syðstabæjar og Ystabæjar mun hafa verið á svipuðum slóðum um aldir, á sama stað og nú er bílvegurinn.

Verminjar

Fjöldi verbúða og nausta hefur sennilega verið ofan við Syðstabæjarvarir og Hafnarvík á öldum áður en allar minjar af því tagi eru nú horfnar enda hefur þorpið í

Hrísey byggst upp á því svæði. Þó er ein tóft, allmikil og fornleg, þar sem heitir Búðartangi austantil við Syðstubbæjarvarir, sem gæti verið leifar af verbúð.

Tvær verbúðatóftir eru á háum sjávarbakka skammt sunnan við bæjarstæði Hvatastaða og eru þær að hverfa fyrir landbroti. Þar hefur fundist krítarpípubrot sem bendir til að frá þessum stað hafi verið róíð á 18. öld eða fyrri hluta 19. aldar. Búðarbás er skráð heiti vestan á Hrísey, yst í Syðstabæjarlandi sunnan við Merkisvík, en í einni örnefnaskrá er hann kallaður Bárðarbás og er því óvíst að nafnið bendi til útgerðar. Engar mannvirkjaleifar eru sýnilegar þar.

Á sjávarbökkunum neðan við Ystabæ eru tóftir á tveimur stöðum, á Slögubjargi og þar sme heitir Búðir á Lendingarbjargi, og voru landingar norðan og sunnan við báða þessa staði. Þessar tóftir eru svo nálægt bæ að þær geta vel hafa verið skepnuhús af einhverju tagi en líklegra er þó að þær tengist útgerð. Krossatóftir heita talsverðar mannvirkjaleifar utarlega í Ystabæjarlandi og fylgir sú sögn að bændur á Krossum á Árskógsströnd hafi þar haft aðstöðu til útgerðar. Má það vel vera þó byggingaleifarnar minni frekar á sel eða smákot. Einkennilega mörg Krossa- örnefni eru í Hrísey því Krossamannavör heitir milli Stekkjarnefs og Duggarakletts syðst á eyjunni en aðrar bújarðir á meginlandinu hafa ekki skilið eftir nöfn í eyjunni.

7. kafli. Verndun og kynning á fornleifum í Hrísey

Þó mikið rask hafi verið í Hrísey á 20. öld, einkum á suðurodda eyjarinnar, er mikið eftir af fornleifum þar. Þessar fornleifar eru margar sérstæðar og væri full ástæða til að vekja athygli ferðamanna á þeim. Aðstæður til rannsókna eru einnig góðar í Hrísey og þar væri hægt að svara mörgum áleitnum spurningum um sögu lands og þjóðar, t.d. um landnám og þróun og viðgang útgerðar.

Engar hríseyskar fornleifar hafa verið teknar á firðlýsingaskrá en lagt er til að eftirtaldir minjastaðir verði verndaðir sérstaklega og ráðstafanir gerðar til að kynna þá ferðamönnum. Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar og þeim má ekki raska eða spilla, en með sérstakri verndun er átt við að hirt sé um viðkomandi minjastað, hann kynntur og gerður aðgengilegur og að ráðstafanir séu teknar til að koma í veg fyrir eyðingu af völdum náttúruafla þar sem það á við.

- Bæjarstæði Saltness. Fornt býli með mögulegum minjum um saltvinnslu.

- Tóft við Syðstabæjarvarir. Einu sýnilegu leifarnar sem eftir eru af útgerð frá Syðstabæ.
- Bæjarstæði Hvatastaða. Fornt býli með heilum og vel sýnilegum mannvirkjaleifum sem hafa ótvírætt kynningargildi. Við bæjarstæðið eru einnig verminjar sem eru í hættu vegna landbrots og hafa rannsóknargildi.
- Öll garðlög í eyjunni. Garðlögin í Hrísey eru einstök og hafa ótvírætt rannsóknargildi.
- Bæjarstæði Miðbæjar. Fornt býli. Minjarnar hafa verið skemmdar að hluta en þó er mikið eftir til að skoða en auk þess hefur staðurinn rannsóknargildi.
- Krossatóftir. Fornt býli/sel eða verstöð. Vel sýnilegar minjar með rannsóknar- og kynningargildi.

Full ástæða væri til að gera minniháttar fornleifarannsóknir á garðlögunum og túngörðum við bæjarstæðin í því skyni að tímasetja leifarnar. Sömuleiðis væri gagnlegt að gera takmarkaðar rannsóknir á tóftum á Hafnarvíkurhóli og meintri verbúðartóft við Búðartanga.

Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að stöðva eyðileggingu verbúðanna við Hvatastaði eða gera fullnaðarrannsókn á þeim ef leifarnar verða ekki vaðrveittar.

Einfalt væri að merkja helstu minjastaði í eyinni og koma upplýsingum um þá á framfæri við ferðamenn, annaðhvort á skiltum eða í bæklingum. Slíkar ráðstafanir myndu mjög auk á útivistargildi eyjarinnar.

8. kafli Niðurlag

1998 voru allar þekktar fornleifar í Hrísey skráðar að undanteknum þeim sem tengjast upphafssögu þorpsins. Þær leifar eru jafnframt á því svæði í Hrísey þar sem mest hefur verið um byggingar og umsvif frá því á miðöldum. Þéttbýlisskráning í þorpinu í Hrísey myndi því ekki aðeins varpa ljósi á elstu sögu þorpsins heldur einnig á eldri minjar um útgerð og kaupskap.

9. kafli Heimildaskrá

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I-*,

Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994-.

AÍ: *Alþingisbækur Íslands I-XVII*, Rv. 1912-1990.

BE: *Byggðir Eyjafjarðar I-II*, Akureyri 1973.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990 I-II*, Akureyri 1993.

Björn Lárusson: *The Old Icelandic land Registers*, Lund 1967.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Gríma hin nýja. Safn þjóðlegra fræða íslenzkra I-V, Þorsteinn M. Jónsson gaf út, Reykjavík 1979.

Hulda Hrönn Helgadóttir, bréf til Þjóðminjasafns Íslands 20.12.1993, Þjóðminjasafn Íslands.

IA: *Islandske annaler indtil 1578*, Gustav Storm gaf út, Chria 1888.

ÍF: *Íslenzk fornrit I-*, 1933 -.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld, Gunnar Guðmundsson gaf út, Reykjavík 1993.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, X. Eyjafjarðarsýsla*, Kaupmannahöfn 1943.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Jóhannes Óli Sæmundsson: 'Örnefnasögur' *Súlur VII*, 232.

Jón Aðils: *Einokunarverzlun Dana á Íslandi*, 2. útg., Reykjavík 1971.

Landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu. Sýslumaðurinn á Akureyri.

ÓO: Ólafur Olavius: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777 I-II*, Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík 1964-65.

PP: Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*, 2. útg. Reykjavík 1949.

SSE: *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirzk fræði II), Akureyri 1972.

Steindór Steindórsson: "Eyjafjörður. Leiðir og lýsingar" *Árbók Ferðafélags Íslands 1938*.

Sturl: *Sturlunga saga*, Örnólfur Thorsson ritstj., Reykjavík 1988.

Túnakort 1917: Þjóðskjalasafn Íslands, Jarðadeild.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, bréf til sr. Huldu Hrannar Helgasdóttur 3.1.1994,
Þjóðminjasafn Íslands.

ÞÓÐ: Íslenzkar þjóðsögur I-III, safnað hefur Ólafur Davíðsson, Akureyri 1945.

Ö-Árs. Örnefni á Árskógsströnd, Jóhannes Óli Sæmundsson safnaði, handrit,

Héraðsskjalasafn Eyfirðinga á Akureyri

Örnefnakort Sæmundar Stefánssonar, frumrit í vörslu Hríseyjarhrepps.